



Myndir: Krabbameinssamband Íslands/Olga Björt Þórðardóttir

## 4755 km til suðnings, heiðurs og minningar um þau sem hafa fengið krabbamein

Fyrstu Styrkleikar Krabbameinsfélags Íslands voru haldnir á Selfossi um helgina. Leikarnir eru alþjóðlegur viðburður sem fer árlega fram á yfir 5000 stöðum í meira en 30 löndum víðsvegar um heiminn. Hátt í 10 milljónir manna taka þátt í viðburðinum á hverju ári og fer hópurinn ört stækkandi, ár eftir ár. Styrkleikarnir standa yfir í heilan sólarhring, en þannig eru þeir táknrænir fyrir það að engin hvíld fái frá krabbameini.

Þegar mest lét var áætlað að um 1000 manns hafi verið í húsi, bæði þáttakendur og gestir sem komu og nutu dagskrárinnar.

ar sem boðið var uppá, „fullt af krökkum sem skemmtu sér allan daginn og langt fram á kvöld.“ Segir Svanhildur Ólafsdóttir, formaður Krabbameinsfélags Árnessýslu.

Styrkleikarnir snúast um að styðja, heiðra eða minnst þeirra sem hafa fengið krabbamein og fara þannig fram að liðin skiptast á að halda boðhlaupskefli gangandi í sólarhring. Fyrir viðburðinn voru 250 manns skráðir til leiks í 16 liðum, 50 bættust svo við skráða þáttakendur, en að endingu höfðu hátt í 600 manns tekið þátt í boðhlaupinu og gengið hvorki meira né minna

en 4755 kílómetra samanlagt, eða 19.812 hringi, sem verður að teljast ansi gott.

„Þetta fór fram úr okkar björtustu vonum, aðbúnaðurinn, umsýslan og allt var til fyrirmyndar, allt eins og best var á kosið. Það voru allir þarna samála um að þetta yrði endurtekið að ári.“ Segir Eva Íris Eyjólfssdóttir verkefnastjóri. Dagskráin náði hámarki með ljósastund sem var haldin kl. 22 á laugardagskvöldið, þar sem kveikt var á kertum í sérútbúnum pokum sem þáttakendur höfðu skreytt og skrifað hugleiðingar eða kveður á. HGL

## Skóflustunga tekin að nýju heilsusamfélagi í Hveragerði

### 84 sjálfbærnisvottaðar íbúðir

Fyrsta skóflustungan við Lindarbrún í Hveragerði var tekin á mánudaginn. Lindarbrún er heilsusamfélag í 84 sjálfbærnisvottuðum íbúðum í nálægð við Heilsustofnun.

Náttúrulækningafélag Íslands hefur um árábil leitað leiða til að bæta húsakost Heilsustofnunar og skjóta styrkari stöðum undir rekstur hennar. Bygging íbúða á landi Heilsustofnunar fyrir einstaklinga sem vilja njóta öryggis og þjónustu Heilsustofnunar er einstakt tækifæri fyrir þá sem setja góða heilsu og vellíðan í öndvegi og mun einnig efla starfsemi Heilsustofnunar.

Allur afkrastur af byggingu og sölu á íbúðum við Lindarbrún mun renna til að endurnýja meðferðaraðstöðu og bæta aðra aðstöðu Heilsu-

stofnunar og hið sama á við um aðra uppbyggingu á lóðinni í framtíðinni, svo sem bygging fleiri íbúða, fjölgun gistirýma á Heilsustofnun og möguleg uppbygging á heilsudvalarstað.

Íbúðirnar skiptast niður í 5 klasa, hver með sinn inngarð. Klasarnir eru allir tengdir með upphituðum göngustíg. 4-6 íbúðir eru í hverju húsi sem eru öll tveggja hæða. Hverri íbúð fylgir einnig stæði í bílarkjallara sem er tengdur við lyftuhús. Hleðslustöðvar eru fyrir rafbíla og hjól og góðar göngu- og hjólaleiðir.

Íbúðirnar verða sjálfbærnisvottaðar (LEED) og geta íbúðarkaupendur þá valið að taka græn og hagstæðari lán hjá flestum lánastofnunum.



## Fáðu fagmann í verkið

**PÍPULAGNIR  
HELGA**

Háheiði 10, Selfossi  
S. 699 1985 / 823 6656



**Besta kaffið og hvergi meira að bókum!**



**Bókakaffið** AUSTURVEGI 22, SELFOSSI





## AÐALFUNDUR

Aðalfundur Bárunnar, stéttarfélags verður haldinn mánudagskvöldið 16. maí 2022 á Hótel Selfossi.

Fundurinn hefst kl. 18.00.

### Dagskrá

1. Venjuleg aðalfundarstörf
2. Breytingar á reglugerð sjúkrasjóðs
3. Önnur mál.

Boðið verður upp á kvöldverð.  
Sjáumst kæru félagar.

Stjórn Bárunnar, stéttarfélags

## Sumarstarf hjá Selfossveitum

**Selfossveitur reka hita- og vatnsveitu Sveitarfélagsins Árborgar. Fyrirtækið er til húsa að Austurvegi 67.**

Selfossveitur leita eftir sumarstarfsmönnum í almenn störf tengdum vatns- og hitaveitu. Vinnutími er 7:30-16:00 alla virka daga nema föstudaga þegar unnið er 7:30-11:30.

### Helstu verkefni:

- Öll almenn störf vegna nýframkvæmda, viðhalds, reksturs og þjónustu. Verkpættir eru m.a. við:
  - Vatns- og orkuöflun
  - Rekstur dælu- og stjórnstöðvar
  - Dreifingu
  - Þjónustu

### Menntunar- og hæfniskröfur:

- BÍlpróf
- Frumkvæði og góð mannleg samskipti.
- Reynsla af líkamlegri vinnu kostur.

Frekari upplýsingar um starfið veitir Ásgeir Magnússon í síma 480 1500 eða netfang [asgeirm@selfossveitur.is](mailto:asgeirm@selfossveitur.is). Umsóknarfrestur er til 12. maí 2022. Sótt er um starfið á ráðningarvef sveitarfélagsins <http://starf.arborg.is>



# Glænýr stigabíll Brunavarna Árnessýslu

Það var létt yfir fólki þegar nýr, glæsilegur stigabíll var formlega tekinn í notkun hjá Brunavörnum Árnessýslu á Selfossi í liðinni viku.

Bíllinn er á Scania undirvagni og var smíðaður hjá Echelles Riffaud í Frakklandi en sölustjóri fyrirtækisins, Serge Courtot var viðstaddur lykkaafhendinguna. DAGA Fire & Rescue ehf í Reykholti í Biskupstungum sá um innflutninginn og Daniel Halldórsson Apeland afhenti Halldóru Hjörleifsdóttur, stjórnarkonu í Brunavörnum Árnessýslu lyklana af bílnum, sem hafði verið beðið með eftirvæntingu, en nýji bíllinn markar tímamót í brunavörnum Árnessýslu. Nýji bíllinn leysir af um 40 ára gamlan körfubíl sem hefur staðið sína plikt fram að þessu.

Nýji bíllinn býður upp á mun fleiri möguleika en sá gamli, en til dæmis getur karfan farið upp mannlauk og slökkviliðsmennirnir fjarstýrt slökkvibúnaðinum frá jörðu niðri á meðan þeir fylgjast með framvindu mála í gegnum myndavélar. „Hann nær 33 metra í hæstu stöðu og getur teygst sig talsvert mikið lengra beint út heldur en gamli bíllinn og eins niður fyrir sig, til dæmis ef við þurfum að bjarga í höfn eða svoleiðis. Svo hefur hann meiri lyftigetna líka, við getum til dæmis tekið bíla uppúr skurði með honum“. Segir Lárus Kristinn Guðmundsson, varaslökkviliðsstjóri.

Eins og fram hefur komið hentar nýji bíllinn í talsvert fleiri aðstæðum en sá gamli, og kemur því til með að verða miklu meira á ferðinni. *HGL*



Mynd: Dagskráin/Helga Guðrún

# 140 manna kór fyllti Skálholtskirkju

Í síðustu viku stóð kór Menntaskólans að Laugarvatni loksins fyrir sínum fyrstu vortónleikum síðan árið 2019. Tónleikarnir voru haldnir í Skálholtskirkju og hófust á þjóðlegum nótum með lögunum Land, þjóð og tunga, Land míns föður og Vísur Vatnsenda-Rósu sem skildu flesta tónleikagesti eftir með áfasta gæsaþúð.

Í hléi flykkust allir kór-söngvararnir 140, út úr kirkjunni og sneru til baka í litskrúðugum fötum og tilkynntu að þar og þá myndu þau skipta um gir og hefja fjörið. Lifi ljósið, Yfirgefinn og Leikur að vonum voru síðustu þrjú lög kórsins og ekki var laust við stemningu hjá tónleikagestum og kórmeðlimum í þessum, sennilega stærsta kór landsins.



Mynd: Dagskráin/Helga Guðrún

Kórnum stýrir Eyrún Jónasdóttir og sá hún um undirleik ásamt nemendum skólans en Gísella Hannesdóttir, formaður kórsins lék undir á píanó ásamt Hákonni Kára Einarssyni, Arnar

Högni Arnarsson lék á bassa, Gunnar Tómasson, Ívar Dagur B. Sævarsson og Óskar Snorri Óskarsson léku á gítar og Bjarni Sigurðsson og Þrándur Ingvarsson léku á trommur. *HGL*

## Taxa þankar

Vegna ýmissa breytinga sem virðast vera í uppsiglingu í leigubílaakstri langar mig að minnast fyrri tíma. Í byrjun áksturs leigubíla um 1960 voru vegir holóttir og moldarhvörf víða í vorleysingum, þetta óku menn flestir á amerískum rennireiðum en þústkerfi og demparar fengu stundum að kenna vel á því. Í þá daga var bensín ekki það dýrt að ekki væri hægt að gera út bíl með alvöru vél, þá var ekið um sveitir því böllin voru alltaf í félagsheimilum víða um Suðurland. Þá voru stundum 14 leigubílar í ferðum á þessi böll og látnir bíða þar til ballið var búið. Á síðustu öld voru útgerðarstaðir með allri ströndinni og voru sjómenn oft

með úttroðna vasa í landlegum og við vertíðarlök. Þá kom fyrir að leigubílastjóri færi að heiman á föstudagskvöldi og kæmi ekki aftur fyrr en á sunnudags eftirmiðdag. Leigubílastjórar hafa þjónað héðan frá Selfossi í 62 ár og hafa margir mætir og góðir menn lagt á sig vökur og strit í alls konar veðráttum, ég veit að margir hugsa stundum til baka til gömlu bílstjóranna sem óku þeim í alls konar ástandi og minnst þeirra sem farnir eru og aka nú á sléttunum miklu. Nú eru breyttir tímar með símasendingum „appi“ rafhjólum og rafdeilubílum því allir virðast vera að flyta sér sem mest. Mér finnst verka tvímælis að fjölga leyfum því það

verður að vera innkoma til að gera út leigubíl þar sem skattar og skyldur eru háar, tryggingar eru til dæmis þrisvar sinnum hærri en á venjulegum heimilisbíl. Svona til gamans var farþegi að finna að því að mælir sýndi um 1.500 kr. skutl á milli húsa en sá hinn sami kom af barnum með glas í hönd sem kostaði ekki undir 2.400 kr. En þrátt fyrir allt var alltaf gaman að þjónusta allt þetta fólk því öll erum við ólík eins og við erum mörg.

Ég þakka öllum mínum viðskiptavinum fyrir góð og skemmtileg ár. Og megi leigubílaakstur dafna á Suðurlandi.

Fyrirum leigubílsstjóri,  
Júlíus Hólm.



# SUMAR 2022

SPENNANDI SUMARTÍSKA  
NÝJAR VÖRUR M.A. FRÁ BOHÉME  
NETVERSLUN OKKAR ER [WWW.TISKUVERSLUN.IS](http://WWW.TISKUVERSLUN.IS)

**LINDIN**  
TÍSKUVERSLUN  
Eyravegí 29 · Selfossi · Sími 482 1800

## Gjafir til Skálholtskirkju og Miðdalssóknar

Stjórn Kirkjubýggingarsjóðs Laugarvatnshjónanna Ingunnar og Böðvars hefur ákveðið að slíta sjóðnum og leggja fjármuni hans til uppbyggingar í sóknarstarfi í nágrenni Laugarvatns. Lagðar verða 5 milljónir króna í sjóð til kaupa á flygli fyrir Skálholtskirkju og rúmar 3,4 milljónir króna til uppbyggingar við grafreitinn á Laugarvatni og annarra umbóta.

Kirkjubýggingarsjóðurinn var stofnaður að frumkvæði Jensinu Halldórsdóttur, skólustjóra Húsmæðraskóla Suðurlands á Laugarvatni, á útfarardegi Ingunnar 3. maí 1969. Auk Jensínu lögðu kennarar og nemendur skólans fé til sjóðsins við stofnun hans, en síðar rann fé til sjóðsins með sölu minningarkorta og ýmsum gjöfum. Hugmyndin um kirkjubýggingu á Laugarvatni náði þó aldrei flugi og smám saman minnkuðu tekjur sjóðsins og lögðust síðan alveg niður. Hefur sjóðurinn staðið óhreyfður um áratugaskeið.

Þriggja manna stjórn sjóðsins er tilnefnd af sóknarnefnd Miðdalskirkju, sveitarstjórn Bláskógabyggðar og ættarráði Laugarvatnsættar. Samkvæmt skipulagsskrá sjóðsins hefur stjórnin full umráð yfir sjóðnum, en ákvörðunin um að slíta sjóðnum og gefa féð er tekin að lokinni kynningu fyrir þessum aðilum.

Hjónin Ingunn Eyjólfssdóttir og Böðvar Magnússon tóku við búi á Laugarvatni, ættaróðali Ingunnar, árið 1907. Þau seldu jörðina íslenska ríkinu árið 1928 til að þar mætti rísa héraðsskóli. Laugarvatn varð með tímanum mikið skólasetur og voru þar starfræktir fimm skólar er mest var. Ingunn og Böðvar áttu heimili á Laugarvatni til æviloka. Böðvar gegndi margvíslegum trúnaðarstörfum, var m.a. hreppstjóri í 54 ár og sat um áratugaskeið í hreppsfelld, sýslunefnd, sóknarnefnd og byggingar- og skólanefndum á Laugarvatni. Böðvar lést 1966 á 89. aldursári og Ingunn 1969 á 96. aldursári.

# Vínbúðin

## Selfossi leitar að verslunarstjóra

Við leitum að öflugum einstaklingi til að ganga til liðs við frábæran starfsmannahóp ÁTVR. Viðkomandi þarf að vera ábyrgðarfullur og hafa vilja og getu til að takast á við margvísleg verkefni.

### Helstu verkefni

- Afgreiðsla og þjónusta við viðskiptavinum
- Dagleg stjórnun, birgðahald og umhirða búðar
- Eftirfylgni þjónustu- og gæðastefnu fyrirtækisins
- Framstilling á vöru og vörumeðhöndlun

### Hæfniskröfur

- Reynsla af verslunar- og/eða verkstjórn
- Frumkvæði, metnaður og ábyrgð í starfi
- Gott viðmót og rík þjónustulund
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Almenn tölvukunnátta, þekking á Navision er kostur

Starfshlutfall er 100%. Umsóknarfrestur er til og með 9. maí nk. Umsækjendur þurfa að hafa náð 20 ára aldri. Allir áhugasamir eru hvattir til að sækja um starfið á [vinbudin.is](http://vinbudin.is)  
Nánari upplýsingar: Thelma Kristín Snorraddóttir, [starf@vinbudin.is](mailto:starf@vinbudin.is) – 560 7700.

ÁTVR rekur 51 Vínbúð um allt land. Stefna ÁTVR er að vera í hópi bestu þjónustufyrirtækja landsins og fyrirmynd á sviði samfélagsábyrgðar. Fyrirtækið vill að vinnustaðurinn sé öruggur, heilsueflandi og skemmtilegur þar sem samskipti einkennast af lipurð, þekkingu og ábyrgð.

Gildi ÁTVR eru LIPURÐ – ÞEKKING – ÁBYRGÐ. Ráðningar í stöður hjá fyrirtækinu taka mið af þessum gildum.



JAFNLAUNAVOTTUN  
2021 - 2024

**VÍNBUÐIN**



# Það var uppselt í Árborg



Í tilefni af kostulegum málflutningi oddvita d-lista og eins af æðstu embættismönnum sveitarfélagsins þar sem sett er í efsta gir hraðsluáróðurs og rangfærsla, þvert á eigin vitneskju skal sannleikanum haldið til haga. Hið rétta er að það var uppselt í Árborg en svo er ekki lengur.

Vorið 2018 þegar núverandi meirihluti tók við var sannarlega uppselt í Árborg. Það voru engar lóðir til, langir biðlistar á leikskóla, yfirfullir grunnskólar og stjórnsýsla sveitarfélagsins veikburða og úr takti við kröfur nútímans.

Þetta var veruleikinn sem blasti við.

Á ótrúlega skömmum tíma tókst að greiða að mestu úr og bjóða lóðir til úthlutunar í nýju hverfi í Björkurstykki. Auk þess var fallið frá hugmyndum um að

byggja við leikskólann Álfheima 3 deildir og fara í staðinn í að byggja nýjan 6 deilda leikskóla sem hlaut nafnið Goðheimar enda mun hagkvæmari framkvæmd og hugsuð til framtíðar en ekki sem bráðabirgðalausn eins og viðbygging hefði verið.

Farið var á fullt í að hraða byggingu nýs grunnskóla í Björkurstykki sem hlaut nafnið Stekkjaskóli. Byrjað er að kenna í honum í færanlegum kennsluhúsnæði og stefnt er á að aðalbyggingin verði tekin í notkun haustið 2022.

Að endingu var hætt við að bjóða út knattús og farið í að byggja fyrri áfanga á fjölnota íþróttahúsi sem myndi nýtast til langrar framtíðar flestum iðkendum íþróttar og eldri borgurum til hreyfingar og þjálfunar. Það hús er risið og kallast Selfosshöllin.

Auk þessa hefur verið unnið ótúllega að því allt kjörtímabilið að byggja upp alla innviði sveitarfélagsins. Vinnurými og starfsaðstaða starfsfólks hefur verið stórbætt, fjölgað hefur verið starfsfólki á flestum sviðum til að mæta aukinni íbúafjölgun og

bæta þar með þjónustu við bæði íbúa og atvinnurekendur.

Síðast en ekki síst var farið í gagnangerar endurbætur á stjórnsýslu sveitarfélagsins, starfsfólk virkjað og valdeflt, mörg kerfi sveitarfélagsins uppfærð m.v. nútímakröfur og þjónustan bæði innan stjórnsýslunnar og við íbúana tók stakkaskiptum varðandi úllauss og afgreiðslu hinna ýmissa erinda.

## Heita vatnið

Heita vatnið er ekki að klárast í Sv. Árborg og það er ábyrðarlaus tal og ómerkilegur áróður hjá oddvita d-listans að reyna að hraða fólk með því. Það þarf hins vegar að skoða hvort hægja þurfi á uppbyggingu nýrra hverfa tímabundið meðan unnið er að frekari orkuöflun (sem að sjálf-sögðu hefur verið unnið ótúllega að allt kjörtímabilið) og bættri nýtingu á því heita vatni sem við erum nú þegar að dæla upp úr jörðinni. Með þessu er verið að sýna varkárni og ábyrgð.

Það vekur furðu að oddvitinum, verandi einn æðsti embættismaður sveitarfélagsins, þyki það undarlegt að embættismenn þess sendi á milli minnisblöð til að upplýsa um stöðu mála. Það er akkúrat ekkert leyndarmál hvemig staða heitavatsöflunar er á hverjum tíma. Kannski finnst oddvitinum það eðlilegra að pískra um svona mál á göngum ráðhússins og halda sannleikanum frá fólki.

Oddvitinn þarf heldur ekki að hafa áhyggjur af því að Árborg verði skaðabótaskýl gagnvart einhverjum landeigendum því allir samningar sem gerðir hafa verið við eigendur einkahverfa kveða á um að uppbygging þeirra sé háð ýmsum skilyrðum og þar á meðal getu Selfossveitna til að afhenda heitt vatn. Þetta á jafnt við um Árbakkahverfið, Austurbyggð og Jórvíkurhverfið.

Það kveður því við holan hljóm í málflutningi oddvita d-listans þegar hann talar um stefnuleysi núverandi meirihluta og reynir að halda fram á sama tíma að undir forystu d-listans væri allt upp á 10. Aðgerðarleysi meirihluta d-listans 2014-2018 dæmir sig sjálf og það er engin þörf á að gera Bragabót á stefnu núverandi meirihluta nema síður sé enda hefur hann allt kjörtímabilið unnið í þágu allra íbúa sveitarfélagsins en ekki bara sumra.



Ég þakka Guðfinnu kærlega fyrir áskorunina. Ég hef alltaf haft gaman að því að búa til mat og finnst fátt betra en að koma heim eftir vinnudaginn og fá að bauka aðeins í eldhúsinu.

Fyrst það er komið sumar þá ákvað ég að deila með ykkur tveimur sumarlegum uppskriftum sem eru í miklu uppáhaldi. Sú fyrri heitir Mexíkóskt fiskisalat í uppskriftabókinni minni og er ceviche réttur með hvítum fiski sem maríneraður er í sítrónusafa og hin er einfaldasta og besta skyrkaka í heimi. Njótið vel!

## Mexíkóskt fiskisalat

### Fiskurinn:

600 gr Ný smálúðu- eða ýsuflök  
1 msk Sjávarsalt  
1 msk Sykur  
Safi úr tveimur sítrónum

Flökin eru skorin í litla ferningar ca. 2x2 cm. Fiskurinn er síðan settur í ílát (helst með loki) og sítrónusafa, salti og sykri stráð yfir. Fiskurinn liggur í þessum legi í sólarhring í kæli. Gott er að hræra öðru hvoru í blöndunni svo allur fiskurinn marinerist.

### Salatið:

6-8 Tómatar  
2 Grænar eða rauðar paprikkur  
1-2 Rauðlaukar (sneiddur)  
4 msk Ólífuolía  
2 msk Hvítvinsedik  
1/2 tsk Oreganó  
4-5 dr. Tabaskó sósa  
2 msk Söxuð steinselja

Allt grænmetið er skorið í bita og blandað saman í fallega skál, kryddað og olíunni og edikinu bætt út í og blandað vel saman við allt. Lögurinn er síaður af fisknum og fiskinum er bætt út í salatið.

Skreytið með steinselju og berid fram með snyttubrauði eða góðu grófu brauði og smjöri. Algjört lostæti!

Ég skora á **Sigríði Hafsteinsdóttur** vinkonu mína úr leikhúsinu að vera matgæðingur næstu viku. Ég veit að hún lumar á einhverju gómsætu.

Matgæðingar eru beðnir að senda á [dfs@dfs.is](mailto:dfs@dfs.is) uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á sunnudegi.




Jónheiði Ísleifsdóttur.  
er Matgæðingurinn þessa viku

## Besta skyrkakan

1 stór dós Hreint skyr (ósætt)  
1/2 l. Rjómi  
1 pk Lu kex (Kanil eða Kanil og möndlu)  
100 gr Smjör  
500 gr Jarðaber, bláber og hindber

Byrjið á því að finna fram eldfastmót eða flata skál. Merjið svo kexið þannig að það séu einhverjir stærri bitar eftir. Það er gott að setja það bara í poka og nota kökukeflið :). Bræðið svo smörið og blandið saman við mulda kexið. Hellið þessu í botnin á mótinu. Ég þrýsti kexinu aldrei niður því mér finnst gott að hafa botninn þínu lausan í sér.

Létt þeytið svo rjómann og hrærið upp skyrið og blandið því varlega út í rjómann þangað til allt hefur blandast saman. Það er svo magnað að þó að þessi blanda sé algerlega ósæt þá virkar hún fullkomlega með kexinu og berjunum. Hellið rjómaskyrblöndunni svo varlega út á kexið og leyfið þessu að stífna í ísskáp í nokkrar tíma ef tími er til. Berin eru svo skoluð og þeim dreyft yfir kökuna. Ég sker alltaf jarðaberin í tvennt eða fernt en hef bláber og hindber heil. Gott er að berin þeki kökuna alveg. Og þá er bara að njóta, í sólinni, á pallinum eða svölunum með kaffibolla og vinkonu á kantinum.



Útgefandi: Prentmet Oddi, Eyraveg 25, 800 Selfoss, sími 482 1944, [dfs@dfs.is](mailto:dfs@dfs.is), [www.dfs.is](http://www.dfs.is).  
Ritstjóri: Björgvin Rúnar Valentinsson, sími 856 0656, [dfs@dfs.is](mailto:dfs@dfs.is).  
Auglýsingaheild: Sími 482 1944, [auglysingar@dfs.is](mailto:auglysingar@dfs.is).

Dagskráin kemur út á hverjum miðvikudegi. Upplag 5.200 eintök. Allt efni og auglýsingar berist fyrir hádegi á mánudögum.

Dreift ókeypis í allar sýslur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.

ISSN 1670-407X



## Gáta vikunnar

Vísnaðgátur-höf: Páll Jónsson  
Útg. Bókaútgáfan HÓLAR

Heiti þetta hundur ber, hann á norðurslóðum býr. Myndin fullgerð ekki er, áður sett á skótau hér.

Svar við gátu í blaði 2646: **KAPPI**  
2. Lína: GardínuKappi



Ertu að leita að vinnu á Suðurlandi?

Ný störf auglýst í hverri viku!



# Fjármálaráðgjafi í útibúinu á Selfossi

Arion banki leitar að öflugum og metnaðarfullum einstaklingi í starf fjármálaráðgjafa í útibúi bankans á Selfossi. Við viljum fá til liðs við okkur aðila sem getur unnið sjálfstætt og hefur metnað til að veita viðskiptavinum framúrskarandi þjónustu. Fjármálaráðgjafar starfa í samræmi við þjónustu- og sölustefnu bankans hverju sinni og eru sérfræðingar í íbúðalánum og tryggingum einstaklinga. Um tímabundið starf er að ræða. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst og starfað út september 2023.

## Helstu verkefni

Fjármálaráðgjafi sinnir ráðgjöf til viðskiptavina varðandi vöru- og þjónustuframboð bankans er lýtur að sparnaði, lánum, tryggingum og lífeyrissparnaði.

## Hæfniskröfur

- Háskólapróf sem nýtist í starfi og/eða góð bankareynsla
- Vottunarnám fjármálaráðgjafa er kostur
- Þekking á útlánum er æskileg
- Framúrskarandi þjónustulund og samskiptahæfni
- Frumkvæði og söludrifni
- Nákvæm vinnubrögð og skipulagshæfni
- Góð tölvukunnátta og áhugi á stafrænum lausnum

Nánari upplýsingar veita **Rakel Dögg Guðmundsdóttir** þjónustustjóri í síma **480 2326**, netfang: **rakel.gudmundsdottir@arionbanki.is** og **Thelma Lind Steingrímsdóttir** mannauðsráðgjafi, netfang: **thelma.steingrimsdottir@arionbanki.is**.

Umsóknarfrestur er til og með **15. maí 2022**.



Ráðningarferli geta tekið misjafnlega langan tíma en við leggjum okkur fram um að svara öllum umsóknum um leið og ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Farið er með allar umsóknir sem trúnaðarmál. Arion banki er skráður á aðallista Nasdaq Iceland og Nasdaq Stockholm. Við höfum skýra sýn í jafnréttismálum og vinnum eftir jafnlaunastefnu. Arion banki er jafnlaunavottaður en það felur í sér formlega staðfestingu á því að fagleg vinnubrögð séu til staðar við ákvörðun launa og að starfsfólki í jafn verðmætum störfum sé ekki mismunað.







## Auglýsing vegna utankjörfundaratkvæðagreiðslu í umdæmi sýslumannsins á Suðurlandi fyrir sveitarstjórnarkosningar 14. maí 2022



Utankjörfundaratkvæðagreiðsla á kjörstöðum í samstarfi við sveitarfélög o.fl. Frá og með 2. maí verður hægt að greiða atkvæði á eftirtöldum stöðum:

- Á skrifstofu Sveitarfélagsins Ölfuss, Hafnarbergi 1, Þorlákshöfn. Opið kl. 13:00-16:00 alla virka daga.
- Á skrifstofu Hveragerðisbæjar við Breiðumörk 20, Hveragerði. Opið mánudaga til fimmtudaga kl. 10:00-15:00, föstudaga kl. 9:00-12:00.
- Á skrifstofu Rangárbings ytra, Suðurlandsvegi 1, Hellu. Opið mánudaga til fimmtudaga kl. 09:00-15:00, föstudaga kl. 09:00-13:00.
- Á skrifstofu Skaftárhrepps, Klausturvegi 4, Kirkjubæjarklaustri. Opið mánudaga til fimmtudaga kl. 10:00-14:00, föstudaga kl. 10:00-13:00.
- Á heimili Pálínu Þorsteinsdóttur að Svínafelli 1 (Suðurbæ), í Öræfum. Opnunartími eftir samkomulagi. Sími 478 1760 og 894 1765.

**Kjösundur skulu hafa meðferðis gild persónuskilríki  
(ökuskírteini, vegabréf eða nafnskírteini).**

### Kjósandi ber ábyrgð á atkvæði

Vakin er athygli á því að kjósandi ber sjálfur ábyrgð á að koma atkvæði til skila og ber af því kostnað, kjósi hann utan kjörfundar hjá kjörstjóra utan sinnar kjördeildar sbr. 2. mgr. 76. gr. laga um kosningar nr. 112/2021. Kjörstjóra er þó skylt, ef kjósandi óskar þess, að koma bréfinu í póst og greiða almennt pósthagjald undir sendinguna. Athygli kjósenda er vakin á því að frá og með 1. maí 2022 mun Pósturinn dreifa bréfum tvisvar í viku um allt land.

### Atkvæðagreiðsla á skrifstofum sýslumanns

Hægt er að greiða atkvæði utan kjörfundar hjá embætti sýslumannsins á Suðurlandi á opnunartíma sýsluskrifstofa, kl. 09:00-15:00. Lengdur opnunartími á skrifstofum embættisins verður auglýstur sérstaklega.

### Utankjörfundaratkvæðagreiðsla í heimahúsi

Þeir sem eiga ekki heimangengt að greiða atkvæði á kjörstað á kjördag vegna sjúkdóms, fötlunar eða barnsburðar, skulu skila beiðni um að fá að greiða atkvæði í heimahúsi til embættisins, fyrir kl. 10:00, fimmtudaginn 12. maí n.k. Umsóknareyðublað er hægt að fá hjá embættinu og á vefsíðunni [www.kosning.is](http://www.kosning.is) Unnt er að senda umsókn á netfangið [sudurland@syslumenn.is](mailto:sudurland@syslumenn.is).

Ýmsar upplýsingar og eyðublað vegna komandi kosninga má fá á vefsíðunni [www.kosning.is](http://www.kosning.is)

**Sýslumaðurinn á Suðurlandi**

## Landeldi og Benchmark Genetics framlengja samstarf

Benchmark Genetics Iceland í Vogum hefur síðan í desember 2020 séð Landeldi fyrir yfir tveim milljónum laxahroga til áframeldis á landi. Í gær skrifuðu félögin undir þriggja ára áframhaldandi samstarfssamning sem kveður á um að Benchmark útvegi Landeldi öll þau hrogn sem fyrirtækið mun þurfa fram á mitt ár 2025.

„Seiðaeldisstöðin okkar hefur tekið miklum stakkaskiptum og hefur reynst einstaklega örugg og afföll verið afar lág undanfarið eitt og hálft ár. Við þökkum þeim árangri fyrst og fremst gæða af-

urð frá Benchmark og hinu tæra íslenska lindarvatni sem er virkilega góður eldisvökvi,“ sagði Haraldur Snorrason, yfirmaður seiðaeldisins hjá Landeldi. Í Öxnalæk í Hveragerði hafa starfað við uppbygginguna um 10 mans og senn fer framkvæmdum að ljúka. Stöðin getur annað um 1,8-2 milljón seiða seiðaframleiðslu á ári og elur alfarið seiði fyrir áframeldisstöð Landeldis í Þorlákshöfn.

Lesið meira: [www.dee-patlantic.com](http://www.dee-patlantic.com); [www.landeldi.is](http://www.landeldi.is) og [www.bmkgenetics.com](http://www.bmkgenetics.com)



Haraldur Snorrason, eldisstjóri seiða Landeldis og Geir Olav Melingen frá Benchmark skrifa undir þriggja ára framlengingu samstarfssamnings fyrirtækjanna. Aftan við þá eru Stefán Páll Ágústsson fjármálastjóri Landeldis og Róbert Rúnarsson sölustjóri Benchmark Genetics.

## Sjúkrabyrila á Suðurlandi best staðsett á Hvolsvelli

**Guðni  
Ragnarsson**

3. sæti Nýja  
óháða listans  
í Rangárbingi  
eystra.



stytt flutningstíma sjúklinga umtalsvert, jafnvel um einhverjar klukkustundir. Myndi það auka lífs- og batalíkur töluvert.

Hvolsvöllur er tiltölulega miðsvæðis. Það er því hagkvæmt að gera þýrluna út þaðan þegar kemur að vegalengdum og vegna eldsneytisparfar. Í flestum tilfellum yrði hún mjög fljót á alla þá staði sem hún á að þjónusta. Jafnframt er mikil veðursæld á Hvolsvelli sem gerir það að verkum að gott er fyrir þýrluna að starfa þaðan.

Þetta tel ég eitt af stærri hagsmunamálum okkar Sunnlendinga og upplagt að koma þessu á í tilraunaskyni sem fyrst til að stuðla að aukinni heilsu okkar og betra lífi hér á Suðurlandi.

Suðurland er mjög víðfemt og eitt vinsælasta ferðamannasvæði landsins. Einnig eru mjög vinsælar frístundabyggðir á svæðinu. En vegna stærðar Suðurlands getur tekið marga klukkutíma að koma sjúklingum með sjúkrabílum undir læknihendur og sérhæfð meðferð getur því tafist all verulega. Það stór eykur hættuna á alvarlegum afleiðingum slysa og sjúkdóma.

Með því að starfrækja sjúkrabyrila frá Hvolsvelli gæti það



## Sendibílar á Suðurlandi

**Tek að mér alla almenna flutningsþjónstu**

**Heimsendingar - Vörudreifing - Búslóðaflutningar - Ruslaferðir**

**Traust og fagleg þjónusta með yfir 20 ára reynslu.**

Tómas 820 3880 - [keyrsla@keyrsla.is](mailto:keyrsla@keyrsla.is) - [www.keyrsla.is](http://www.keyrsla.is) - [f /keyrsla](https://www.facebook.com/keyrsla)

# Framsókn í Árborg

Grunnstefna Framsóknar í Árborg er að skapa leiðandi samfélag á Suðurlandi á sviðum atvinnu-, mennta- og menningarmála. Árborg verði fyrirmyndar samfélag þar sem samfélagslegt öryggi, fjármálastjórn og umhirða sveitarfélagsins ásamt mannrækt í formi íþróttar og heilsuefningar verði leiðandi á landsvísi.



1. sæti  
Arnar Freyr Ólafsson,  
alþjóða fjármálafræðingur.



2. sæti  
Elly Tómasdóttir,  
MS í mannauðsstjórnun og  
forstöðukona.



3. sæti  
Gísli Guðjónsson,  
Búfræðingur og BSc í  
Búvísindum.



4. sæti  
Diana Lind Sigurjónsdóttir,  
leikskólakennari og deildarstjóri.



5. sæti  
Matthías Bjarnason,  
framkvæmdastjóri.



6. sæti  
Guðrún Rakel Svandísardóttir,  
umhverfisskipulagsfræðingur  
og kennari.



7. sæti  
Arnar Páll Gíslason,  
vélfraeðingur og bráðatæknir.



8. sæti  
Kolbrún Júlía Erlendsdóttir,  
sérfræðingur á sviði kjaramála.



9. sæti  
Óskar Örn Hróbjartsson,  
tæningamaður og reiðkennari.



10. sæti  
Brynja Valgeirsdóttir,  
liffraeðingur og kennari í FSU.



11. sæti  
Páll Sigurðsson,  
skógræðingur.



12. sæti  
Gissur Jónsson,  
framkvæmdastjóri.



13. sæti  
Marianne Ósk B. Nielsen,  
fv. heilsugæslulæknir.



14. sæti  
Björn Hilmarsson,  
fangavörður.



15. sæti  
Guðmunda Ólafsdóttir,  
skjalavörður.

- Við viljum skapa barnvænt samfélag og létta undir með barnafjölskyldum.
- Auka aðgengi barna, unglunga og aldraðra að íþróttar- og frístundastarfi.
- Stuðla að hagræðingu í eignum sveitarfélagsins og innkaupum fasteignaverkefna.
- Gera Árborg að ferðamálamíðstöð Suðurlands.
- Stuðla að Framsókn í skipulagi.

## Fjölskyldan í sókn með Framsókn!





FRÆDSLUNETIÐ SÍMENNTUN Á SUÐURLANDI KYNNIR:



## Námskeið í tölvu- og miðlalæsi FYRIR 60 ÁRA OG ELÐRI



Fræðslunetið heldur námskeið í tölvu- og miðlalæsi fyrir 60 ára og eldri. Námskeiðin verða haldin um allt Suðurland og eru þátttakendum að kostnaðarlausu. Miðað er við að þátttakendur noti eigin spjaldtölvur eða snjallsíma á námskeiðinu.

### Markmiðið er að þátttakendur:

- Þjálfist í að nota tölvupóst og þjónustur á vefsíðum og að nota rafræn skilríki, s.s. vegna Heilsuveru, Skattsins, heimabanka o.fl.
- Læri að versla á netinu og að nota bókunarsíður fyrir viðburði og samgöngur
- Læri að nota samfélagsmiðla og efnisveitur, s.s. Facebook, Netflix o.fl.
- Löggð verður áhersla á verklega kennslu sem miðast við hvern og einn

### Tímasetning og staðsetning (4 skipti hvert námskeið)

1. námskeið: Fjölheimar Selfossi: Þriðjud. og fimmtud. 10.-19. maí kl. 10-12
2. námskeið: Fjölheimar Selfossi: Þriðjud. og fimmtud. 10.-19. maí kl. 14-16

Leiðbeinandi: Bjarni Ásbjörnsson, tölvunarfræðingur

**Skráning: Í síma 560 2030 eða á netfanginu: oddny@fraedslunet.is**



## Greining á áhættu og áfallapoli

**10. maí  
og 17. maí**

Þetta námskeið er fyrir starfsmenn sveitarfélaga, ríkisstofnana og ráðuneyta sem koma að greiningu á áhættu og áfallapoli. Tilgangur þess er að kenna þátttakendum hvernig staðið skuli að slíkum greiningum. Á námskeiðinu er farið yfir skyldur, ábyrgð og hlutverk aðila og hugtök sem tengjast framkvæmd greiningarinnar. Farið er í gegnum aðferðafræði við greiningu skref fyrir skref ásamt framsetningu, framkvæmd og eftirfylgni. Einnig er fjallað um söfnun upplýsinga og skil á þeim til almannaþarna.

**Kennarar:** Sérfræðingar í áhættugreininguma.  
**Staður:** Austurvegur 56, Selfossi.  
**Tími:** Þriðjudagur 10. maí kl. 9 – 12  
og þriðjudagur 17. maí kl. 9.00 – 12.00.  
**Verð:** 45.000 kr.

Nánari upplýsingar og skráning á [idan.is](http://idan.is)



**IDAN**  
fræðslusetur  
[www.idan.is](http://www.idan.is)

## Fasteignasalan Bær á Selfossi hefur skipt um nafn og heitir nú HÚS fasteignasala

Er það tilkomið vegna uppskipta á fasteignasöluinni og verður stofan á Selfossi nú sjálfstætt rekin en var áður í sameiginlegum rekstri með Fasteignasölu Bæ í Kópavogi.

Hús fasteignasala er í eigu Snorra Sigurfinnssonar löggilts fasteignasala á Selfossi sem var áður annar eiganda af Bæ. Fasteignasalan verður á sama stað á Selfossi, Austurvegi 26. Jafnframt verður skrifstofa í Ármúla 7 og útibú í Vestmannaeyjum. Hjá fasteignasöluinni starfa 8 starfsmenn.

„Við erum að einfalda hlutina og verðum með litla og þægilega einingu. Ég hef tröllatrúa á fasteignamarkaðnum hér austan fjalls líkt og síðustu ár en við munum eftir sem áður sinna öðrum markaðssvæðum. Það eru að verða ákveðnar breytingar varðandi fasteignaviðskipti og má

þar fyrst og fremst nefna rafrænar undirritanir á ýmis skjöl sem hafa fæst í vöxt og einfaldað hlutina. Við munum svo sjá rafrænar þinglýsingar í komandi framtíð. Það er ekki lengur sama þörf á stórum skrifstofum fyrir fasteignasölu. Í þessum geira eins og mörgum öðrum færast í vöxt að menn vinni heiman frá sér hefðbundna skrifstofuvinnu.

Fasteignamarkaðurinn er sífellt að taka breytingum. Ég hef séð ýmislegt á þessum 17 árum sem ég hef starfað sem fasteignasali og nú er uppi staða sem er all sérstök. Það eru ótrúlega fáar eignir á söluskrá og á það jafnt við hér austan fjalls sem og á höfuðborgarsvæðinu, spennan á markaðnum er mikil, okkar tekst illa að finna jafnvægið á markaðnum“ sagði Snorri Sigurfinnsson eigandi HÚS fasteignasölu.



Á myndina vantar Hafstein Þorvaldsson fasteignasala og jafnframt Halldóru fasteignasala sem starfar í Vestmannaeyjum

## Rangæingar fylktu liði í stofngöngu FFRang


Stofnganga Ferðafélags Rangæinga fór fram þann 1. maí s.l. í blíðviðri en gengið var á hið þekkta fjall og kennileiti Rangæinga Stóru-Dímon. Félagsmenn fjölmenntu til göngunnar en talið er að rúmlega 200 manns hafi tekið þátt og þykir líklegt að aldrei áður hafi svo margir staðið samtímis á toppi Stóru-Dímon. Stutt athöfn var við rætur fjallsins áður en til göngunnar kom en þar var m.a. greint frá tilurð Ferðafélags Rangæinga sem nú hefur verið stofnað og er þegar orðin allnokkur fjöldahreyfing og sérstök deild í Ferðafélagi Íslands. Afhjúpáð var einkennismerki félagsins sem hannað er af Steinunni Ósk Kolbeinsdóttur en í merkinu má m.a. greina fjallið Þríhyrning sem víða sést úr Rangárþingi. Kvennakórinn Ljósbrá flutti nokkur lög við göðar undirtektir og fluttar voru göðar kveðjur frá velunnurum félagsins m.a. færði Páll Guðmundsson framkvæmdastjóri FÍ hinu nýja félagi göðar gjafir í formi margvíslegs öryggisútbúnaðar. Kynnt var ferðaáætlun

félagsins 2022 en hún samanstendur af bæði styttri göngum í byggð og lengri ferðum en allt er það auglýst á Fésbókarsíðunni @Rangæingar. Á tindi Stóru-Dímon var útsýni stórfenglegt til allra átta og þar flutti með tilþrifum Gustav Stolzenwald félagi í FFRang kvæðið Gunnarshólma blaðlaust og í fullri lengd – en þar blasir við allt sögusvið kvæðisins. Vakti þetta mikla hrifningu göngufólksins og liður seint úr minni. Var þá gengið niður og þáði göngufólk rausnarlegar veitingar sem voru m.a. í boði Sóma, Ölgerðarinnar, Innes og Almars Bakara. Var mikil ánægja með stofngönguna sem slær tóninn fyrir sumarið hjá ferðaglöðum Rangæingum.





# Þú færð okkar besta verð á [tm.is](https://tm.is)



Hugsum í framtíð

**TM**

**Auglýsing um kosningar til sveitastjórnar í Flóahreppi sem fram fara laugardaginn 14. maí 2022**



**Kjörstaður verður í Félagslundi, Flóahreppi. Kjörfundur hefst kl. 10:00 og lýkur kl. 22:00.**

**Kjósendur eru beðnir um að taka með sér skilríki. Kjörstjórn Flóahrepps**

**HÚS í bæ HÚS í borg HÚS í sveit**



**Austurvegi 26, 800 Selfoss**

## KÁLFHOLTSKIRKJUGARÐUR

Sóknarnefnd Kálfholtssóknar í Suðurprófastsdæmi hefur ákveðið eftirfarandi framkvæmdir við kirkjugarðinn í Kálfholti.

1. Fylla upp og tyrfa austur hluta kirkjugarðsins sem er ógrafinn og tengja hann betur við þann hluta garðsins sem búið er að jarsetja í.
2. Samræma hæð og útlit leiða sem standa norðan við kirkju, með því að lækka og/eða jarðvegsfylla milli þeirra og endurtyrfa.
3. Lyfta upp og rétta við fallin minnismarki, fjarlægja ónýta leiðisramma og annað til fegrunar kirkjugarðsins.

Þeir sem telja sig þekkja ómerkta legstaði eða hafa eitthvað við framkvæmd þessa að athuga eru vinsamlegast beðnir að hafa samband við formann sóknarnefndar Brynju Jónu Jónasdóttur, Kálfholti 1 síma: 897-4618 og netfang: brynja@lyngholt.com innan átta vikna frá birtingu auglýsingar þessarar sbr. lög um kirkjugarða frá 4. maí 1993.

# Uppbygging innviða

**Sandra Sigurðardóttir**

skipar 1. sæti á lista Okkar Hveragerðis



### Hvað eru 16 ár langur tími?

Íbúar Hveragerðis eru 3020 talsins og á kjörskrá eru 2284 manns. Við íbúa fáum þess kost þann 14. maí nk. að kjósa okkur fulltrúa sem við treystum best fyrir því að taka stórar ákvarðanir sem snúa að okkur öllum. Þessum fulltrúum þarf að vera hægt að treysta fyrir fjármunum okkar, að þeim sé varið og forgangsraðað rétt.

Í dag sitja í bæjarstjórn fjórir fulltrúar Sjálfstæðisflokks, tveir fulltrúar Okkar Hveragerðis og einn fulltrúi Frjálsra með Framsókn. Sjálfstæðisflokkurinn er í hreinum meirihluta og hefur verið það síðastliðin 16 ár. Svo við áttum okkur aðeins á hversu langur tími þetta er þá hafa lönd orðið til og hætt að vera til á þessu tímabili, Facebook og YouTube urðu til, Saddam Hussein var dæmdur til dauða og fjórir Bandaríkjaforsetar hafa

setið í Hvíta Húsinu, svo eitthvað sé nefnt sem hefur gerst á þeim tíma sem Aldís Hafsteinsdóttir hefur verið bæjarstjóri Hveragerðisbæjar.

### Uppbygging innviða í takt við íbúafjölgun

Í Hveragerði hefur mikil íbúafjölgun átt sér stað undanfarin ár. Bærinn hefur stækkað mikið á stuttum tíma og mikill uppgangur orðið. Bæjarstjórn samþykkir deiliskipulag og með þær upplýsingar að leiðarljósi er hægt að gera langtímaáætlanir til að vera í stakk búin að þjónusta alla íbúa bæjarins, sé áhugi fyrir því.

Það hefur því miður loðað við að þær framkvæmdir sem ráðist hefur verið í á þessu tímabili hafa ekki verið fullkláraðar og sömu leiðis hefur eðlilega viðhaldi bygginga ekki verið sinnt nægilega vel. Skammtímahugsun hefur því miður of oft ráðið för, en slík vinnubrögð reynast að sjálf-sögðu dýrkeypt þegar til lengri tíma er lítið. Í því sambandi má t.d. nefna að viðbygging sem ráðist var í við Grunnskólann snemma á þessari öld hefur enn ekki verið kláruð og liggur hreinlega undir skemmdum vegna

sinnuleysis.


Haustið 2021 var ný álma við grunnskólann tekin í notkun. Hún dugar skammt því fjölgun nemenda við skólann er það mikil að útlit er fyrir að strax á næsta skólaári muni vanta kennslurými. Leikskólar bæjarins eru einnig sprungnir og því hefur engan veginn náðst að efna það loforð að börn komist inn við 12 mánaða aldur. Vegna skorts á framsýni bæjaryfirvalda þurfti að svara aðkallandi þörf með kostnaðarsamri bráðabirgðalaun til að hýsa elstu börn leikskólans í vetur, sem voru á flakki milli bygginga framan af vetri. Fimm ára börn á vergangi er okkur ekki til sóma. Við þurfum að huga betur að innviðum og móta skýra framtíðarsýn, hættum að horfa einungis til næsta kjörtímabils.

### Hugsum til framtíðar

Okkar Hveragerði vill hugsa til framtíðar og móta skýra stefnu fyrir íbúa bæjarins. Með því að horfa til framtíðar náum við að byggja innviðina upp, fjármagn-ið nýttist betur og þjónustan við íbúa verður betri.

Þrátt fyrir að uppbygging innviða og viðhald fasteigna hafi ekki verið ásætlanlegt síðustu ár hefur skuldastaða á hvern íbúa samt sem áður hækkað mikið. Skuldastaða á þessu tímabili hefur hækkað úr 572.263 í 1.573.043 miðað við verðlag hvers árs. Yfirfært á verðlag ársins 2022 er það hækkan á skuldum á hvern íbúa um 49,6%. Því er eðlilegt að spyrja hvert skattfé okkar íbúanna fer, við vitum að bæjarstjórnin er á ofurlaunum en það skýrir ekki allt. Til að tryggja vandaða meðferð fjármuna er nauðsynlegt að opna bókhald bæjarins líkt og víða er gert, hætta feluleik á bókhaldslyklum og viðhafa vandaða, gagnsæja stjórnsýslu. Það munum við í Okkar Hveragerði gera.

Skuldir á íbúa



Skuldir á hvern íbúa Hveragerðisbæjar 2006 – 2020 á verðlagi hvers árs. Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga.

## Norðurlandamót á Íslandi 2022

Daganna 23. og 24. apríl fór fram Norðurlandameistamótið í Judo í íþróttahúsinu Digranesi Kópavogi. Mótið er fjölmennasta judomót sem haldið hefur verið á Íslandi og voru rúmlega þrjú hundruð keppendur frá 7 löndum. Mótið var haldið síðast á Íslandi 2015, en fella hefur þurft niður tvö síðustu Norðurlandamót vegna covid.

Í flokki fullorðinna unnu Íslendingar til sex verðlauna. Karl Stefánsson sigraði +100kg flokkinn með yfirburðum, en Karl sigraði alla þrjá andstæðinga á ippon. Zaza Simonishvili sigraði -73kg flokkinn örugglega en hann vann allar þrjár viðureignir sínar á ippon.

Egill Blöndal og Breki Bernharðsson unnu báðir til bronsverðlauna í -90kg flokki. Egill tapaði naumlega sinni fyrstu viðureign en sigraði svo næstu

tvær og tryggði sér þar með bronsverðlaun.

Breki sigraði fyrstu tvær viðureignir sínar en laut svo í lægra haldi gegn David Ivanian í undanúrslitum. Ivanian sigraði flokkinn seinna um daginn en Breki glímdi gegn Skarphéðni Hjaltasyni um bronsið og sigraði Breki þá viðureign.

Einnig kepptu Böðvar Arnarsson og Jakub Tomaczyk í -81kg flokki fullorðinna og flokki undir 21 árs. Báðir verða

18 ára á þessu ári og því yngstu keppendur í báðum flokkum.

Böðvar vann eina viðureign í fullorðins flokki og lenti í 7. Sæti af 18 þátttakendum.

Jakub vann eina glímu í U21 og náði 5. Sæti af 13 þátttakendum.

Egill og Breki kepptu einnig í íslensku sveitinni í sveitakeppni Norðurlandamótsins, og vann íslenska sveitin með nokkrum yfirburðum til gullverðlauna.






# Göngum lengra í Árborg



**1. sæti**  
**Sigurður Torfi Sigurðsson**  
Ráðunautur



**2. sæti**  
**Guðbjörg Grímsdóttir**  
Framhaldsskólakennari




**3. sæti**  
**Jón Özur Snorrason**  
Framhaldsskólakennari



**4. sæti**  
**Snædis Ósk Harðardóttir**  
Deildarstjóri grunnskóla




**5. sæti**  
**Guðrún Runólfssdóttir**  
Einkaþjálfari



**6. sæti**  
**Leifur Gunnarsson**  
Lögræðingur




**7. sæti**  
**Pétur Már Guðmundsson**  
Bóksali



**8. sæti**  
**Krístrún Júlía Halldórsdóttir**  
Myndlistakona




**9. sæti**  
**Alex Máni Guðríðarson**  
Fuglaljósmyndari



**10. sæti**  
**Ágústa Eygló Backman**  
Fiskeldisfræðingur



**11. sæti**  
**Magnús Thorlacius**  
Fiskalífrræðingur



**12. sæti**  
**Dagmara Maria Zolich**  
Félagslídi



**13. sæti**  
**Ágúst Hafsteinsson**  
Pípulagningamaður



**14. sæti**  
**Nanna Þorlákssdóttir**  
Fv. skólafulltrúi og eftirlaunaþegi



**15. sæti**  
**Birgitta Ósk Hlökkversdóttir**  
Framhaldsskólakennari og  
tæningakona



**16. sæti**  
**Ægir Pétur Ellertsson**  
Framhaldsskólakennari



**17. sæti**  
**Margrét Magnúsdóttir**  
Gardyrkjfræðingur



**18. sæti**  
**Anna Gunnarsdóttir**  
Hjúkrunarfræðingur




**19. sæti**  
**Jóhann Óli Hilmarsson**  
Fuglafræðingur



**20. sæti**  
**Ingibjörg Álfrós Björnsdóttir**  
Efnifræðingur



**21. sæti**  
**Þorsteinn Ólafsson**  
Dýralæknir



**22. sæti**  
**Guðrún Jónsdóttir**  
Félagsráðgjafi/eftirlaunaþegi

Opnunartími kosningamiðstöðvar  
okkar í Fagrabæ við Bankaveg:

Virkir dagar 16–18

Helgar 11–17

Við erum á Facebook: **Vinstri Græn í Árborg**



VINSTRI GRÆN

## Auglýsing vegna utankjörfundaratkvæðagreiðslu í umdæmi sýslumannsins á Suðurlandi fyrir sveitarstjórnarkosningar 14. maí 2022.



### Atkvæðagreiðsla á skrifstofum sýslumanns

Hægt er að greiða atkvæði utan kjörfundar hjá embætti sýslumannsins á Suðurlandi á opnunartíma sýsluskrifstofa, kl. 09:00 - 15:00 og hjá sérstökum kjörstjórum á áður auglýstum opnunartíma.

### Síðustu daga fyrir kosningar verður opnunartími lengdur á skrifstofum embættisins sem hér segir:

#### Selfoss, Hörðuvellir 1:

- 3. – 6. maí kl. 09:00 - 16:00.
- Laugardagurinn 7. maí kl. 10:00 - 12:00.
- 9. – 11. maí kl. 09:00 - 16:00.
- 12. – 13. maí 09:00 – 18:00.
- Kjördagur, 14. maí opið kl. 10:00 – 12:00. Vaktsími 458 2840 opinn 12:00 – 17:00.

#### Hvolsvöllur, Austurvegur 6:

- 9. – 11. maí kl. 09:00 - 16:00.
- 12. -13. maí kl. 09:00 - 18:00.
- Kjördagur, laugardagurinn 14. maí, vaktsími 458 2820 opinn milli kl. 10:00 – 17:00.

#### Vík í Mýrdal, Ránarbraut 1:

- 9. – 13. maí kl. 09:00 - 16:00.
- Kjördagur, laugardagurinn 14. maí, vaktsími 458 2850 opinn milli kl. 10:00 - 17:00.

#### Höfn í Hornafirði, Hafnarbraut 36

- 9. – 13. maí kl. 09:00 - 16:00.
- Kjördagur, laugardagurinn 14. maí, vaktsími 862 7095, opinn milli kl. 10:00 – 17:00.

### Kjósandi ber ábyrgð á atkvæði

Vakin er athygli á því að kjósandi ber sjálfur ábyrgð á að koma atkvæði til skila og ber af því kostnað, kjósi hann utan kjörfundar hjá kjörstjóra utan sinnar kjördeildar sbr. 2. mgr. 76. gr. laga um kosningar nr. 112/2021. Kjörstjóra er þó skylt, ef kjósandi óskar þess, að koma bréfinu í póst og greiða almennt póstburðargjald undir sendinguna.

Athygli kjósenda er vakin á því að frá og með 1. maí 2022 mun Pósturinn dreifa bréfum tvisvar í viku um allt land.

### Kosning á sjúkrastofnunum

Sjá auglýsingu á [www.syslumenn.is](http://www.syslumenn.is)

### Utankjörfundaratkvæðagreiðsla í heimahúsi

Þeir sem eiga ekki heimangengt að greiða atkvæði á kjörstað á kjördag vegna sjúkdóms, fötlunar eða barnsburðar skulu skila beiðni um að fá að greiða atkvæði í heimahúsi til embættisins, fyrir kl. 10:00, fimmtudaginn 12. maí n.k. Umsóknareyðublað er hægt að fá hjá embættinu og á vefsíðunni [www.kosning.is](http://www.kosning.is) og skal sent á netfangið [sudurland@syslumenn.is](mailto:sudurland@syslumenn.is) eða afhent á skrifstofu.

Ýmsar upplýsingar og eyðublöð vegna komandi kosninga má fá á vefsíðunni [www.kosning.is](http://www.kosning.is)

Kjósendur skulu hafa meðferðis gild persónuskilríki.

Sýslumaðurinn á Suðurlandi

## Matarkista Suðurlands í Árborg - Miðstöð matarfrumkvöðla og heimavinnslu

Axel  
Sigurðsson

Búfræðingur,  
matvælafræðingur  
og skipar 2. sæti  
Áfram Árborgarg



Haustið 2026.

Stöðug umferð er í gegnum Seilidhús Árborgar þar sem bændur hafa tækifæri til heimavinnslu í vottuðu eldhúsi.

Eftir að deilidhúsið reis, fullbúin matvælavinnsla sem hægt er að leigja brot úr degi eða heilan dag hefur verið stöðug umferð fólks, bænda og frumkvöðla sem vilja framleiða fjölbreytta vöru úr eigin hráefni inn á heimamarkað, bændamarkaði og í verslanir.

Vöruúrval úr sunnlensku hráefni hefur stórkist fyrir almenning á Suðurlandi. Tilkoma deilidhússins aðstoðaði marga sem gengu með stórar hugmyndir í maganum en vantaði aðstöðu til að þróa og framleiða vörur sínar þar sem dýrt er og oft flókið að setja upp eigin matvælavinnslu safna tilskyldum leyfum til sölu og framleiðslu.

Deilidhúsið gaf þeim tækifæri, fólkinu, frumkvöðlunum sem vantaði aðstöðuna.

Framtíðarsýnin hér að ofan er í seilingarfjarlægð og getur auðveldlega orðið raunveruleg.

Með því að skapa aðstöðu fyrir frumkvöðla í matvælaíðnaði, fyrir fólk sem vill auka heimavinnslu og selja beint frá

býli, fyrir smáframleiðendurna og fólk sem framleiðir árstíðabundna vöru, þá búa stefnumál okkar í Áfram Árborg til tækifærin sem svo mikill vöntun er á í dag.

Aðstaðan fyrir matvælafrumkvöðla, ásamt öflugum samstarfi við Orkídeu, sem er samstarfsverkefni um nýsköpun á Suðurlandi á vegum Landsvirkjunnar, Samtaka sunnlenskra sveitafélaga, Landbúnaðarháskóla Íslands og Matvælaráðuneytisins mun stórauka verðmætasköpun á Suðurlandi og greiða veg fyrir orkutengd tækifæri. Eins styðjum við þannig með öflugum hætti við nýsköpun hér á Suðurlandi.

Með styrkingu nýsköpunar við nýtingu grænnar orku leggjum við áherslu á að Árborg verði leiðandi sem umhverfisvænt samfélag.

Það er erfitt að vera frumkvöðull í matvælaíðnaði, það er dýrt, þarf oft mikla yfirbyggingu, mörg leyfi til að koma vöru á markað og samkeppnin er gríðarleg.

Opnum á tækifærin sem eru fólgin í mannauðinum og náttúru Suðurlands og búum til nýsköpunarkjarna í Árborg þar sem matvælaframleiðendur raungera hugmyndir sínar.

Styrkjum stóðir nýsköpunar og matvælaframleiðslu í Árborg í dag. Næsta ár kemur fyrr en margan grunar og því má segja að:

Framtíðin er núna!

## Stuðlabandið í lið með Knattspyrnudeild Selfoss

Knattspyrnudeild Selfoss og sunnlenska ballhljómsveitin, Stuðlabandið, hafa undirritað þriggja ára samstarfssamning. Meistaraflokksslið karla og kvenna munu nú bera merki Stuðlabandsins framan á keppnistreyjum sínum næstu þrjú árin.

Stuðlabandið ættu allir Sunnlendingar að þekkja en hljómsveitin er ein sú allra vinsælasta á landinu um þessar mundir. Flestir meðlimir sveitarinnar léku með yngri flokkum Selfoss í knattspyrnu og því tenging þeirra við knattspyrnuna á Selfossi sterk.

„Við erum virkilega spenntir fyrir þessu samstarfi og erum mjög ánægðir að geta tekið þátt í starfinu með þessum hætti og stutt okkar fólk næstu árin. Svo hvetjum við auðvitað alla Sunnlendinga til að fjölmenna á völinn í sumar og taka þátt með okkur.“ segir Marínó Geir Lillendahl, trommari Stuðlabandsins.

Búningurinn var formlega frumsýndur í Mosfellsbæ í síðustu viku þar sem kvennalið Selfoss landaði öruggum sigri á Aftureldingu í 1. umferð Bestu deildarinnar í knattspyrnu.



Mynd: Fannar Freyr Magnússon



# KRÓNAN

## Pssst ...

**Nú er hægt að  
Skanna og skunda  
í Krónunni á  
Selfossi!**

Við verðum  
á staðnum að  
hjálpa fólki að  
byrja að nota  
lausnina alla  
vikuna!



**Þú finnur  
Snjallverslun  
Krónunnar í**

 App store  
 Play store

**... engin röð,  
bara fjör!**

**OPIÐ FYRIR UMSÓKNIR TIL 10. JÚNÍ**

NÁNARI UPPLÝSINGAR OG UMSÓKNIR | [HEIMAVIST.IS](http://HEIMAVIST.IS) | FRAMHALDSSKÓLANEMENDUR ALLS STADAR AÐ AF LANDINU

**STUTT Í ALLT**

HEIMAVIST MA OG VMA Á AKUREYRI

HLÍÐARFJALL VETTINGARSTADUR 7 MINÚTUR

VERKLEIÐIR 8 MINÚTUR

VERKLEIÐIR 3 MINÚTUR

VERKLEIÐIR 8 MINÚTUR

VMA

## Auglýsing um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Árborg

Samkvæmt 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er auglýst eftirfarandi deiliskipulag:

### Vonarland L192498 – Deiliskipulag frístunda- og landbúnaðarsvæðis.

Bæjarstjórn Árborgar samþykkti á fundi sínum þann 27. apríl 2022 að auglýsa tillögu að deiliskipulagi fyrir Vonarland L192498, í Árborg. Deiliskipulagstillagan tekur til byggingar tveggja íbúðarhúsa, skemmu og gestahúss auk núverandi húsa. Landeigandi hefur undanfarin ár verið með nokkur frístundahús til útleigu og einnig tjaldsvæði. Stefnt er að frekari uppbyggingu og fastri búsetu með byggingu íbúðarhúss. Aðkoma að svæðinu er af Gaulverjabæjarvegi nr. 33 og Grundarvegi nr. 3145. Í gildandi aðalskipulagi Árborgar 2010-2030 er svæðið skilgreint sem frístundasvæði og landbúnaðarsvæði, en í tillögu að endurskoðuðu aðalskipulagi Árborgar 2020-2036, sem er í vinnslu, verður svæðið skilgreint sem afþreyingar- og ferðamannasvæði.

Í samræmi við 43. gr. og 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er auglýst eftirfarandi tillaga að breytingu á deiliskipulagi:

### Byggðarhorn Búgarðar – Breyting á gildandi deiliskipulagi

Bæjarstjórn Árborgar samþykkti á fundi sínum þann 27. apríl 2022 að auglýsa tillögu að breytingu á gildandi deiliskipulagi lóða í Byggðarhorni, Árborg. Deiliskipulagið var upphaflega staðfest í B-deild Stjórnartíðinda nr. 482, 16. maí 2007 og hafa tvær deiliskipulagsbreytingar verið staðfestar síðan; þann 13.12.2007 og 12.05.2014. Áformuð breyting nú er í samræmi við gildandi aðalskipulag Árborgar 2010-2030, þar sem gert er ráð fyrir blandaðri byggð íbúðarbyggðar og landbúnaðar, svokallaðri búgarðabyggð. Breyting þessi stuðlar að áframhaldandi uppbyggingu íbúðarbyggðar í Byggðarhorni, með stórum íbúðarlóðum. Lóðarstærðir samræmast viðmiðum sem fram koma í aðalskipulagi Árborgar. Deiliskipulagsbreytingin nær til sjö lóða, nr. 5, 9, 13, 15, 17, 19 og 50. Lóðum 5, 9 og 13 er skipt upp í 3 lóðir og lóðum 15, 17, 19 og 50 er skipt upp í 2 lóðir. Heimilt er að byggja eitt íbúðarhús á hverri lóð eftir breytingu. Fyrir breytingu var fjöldi íbúðarhúsa á þessum lóðum samtals 14 talsins en verður eftir breytingu 17 talsins og fjölga því um 3 hús. Á öðrum lóðum haldað ákvæði óbreytt um fjölda íbúðarhúsa á hverri lóð.

Ofangreindar skipulagstillögur liggja frammi til kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa að Austurvegi 67, Selfossi. Að auki er hægt að nálgast tillögurnar á heimasíðu Sveitarfélagsins Árborgar á vefslóðinni [www.arborg.is](http://www.arborg.is)

Tillögurnar eru auglýstar með athugasemdafresti frá 4. maí 2022 til og með 15. júní 2022.

Hverjum þeim sem telur sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillögurnar, og er frestur til að skila inn athugasemdum til 15. júní 2022.

Athugasemdum og ábendingum skal skila skriflega á skrifstofu skipulagsfulltrúa að Austurvegi 67, 800 Selfossi, eða netfangið [skipulag@arborg.is](mailto:skipulag@arborg.is)

Í samræmi við 52. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er ákvörðun stjórnvalds kæránleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er einn mánuður frá birtingu auglýsingar um gildistöku skipulags í B-deild Stjórnartíðinda.

f.h. Antons Kára Halldórssonar  
skipulagsfulltrúa

Virðingarfyllst,

Rúnar Guðmundsson  
fulltrúi

## Árangurinn í baráttunni við óblíða náttúru og aðra vá

Sólveig Þorvaldsdóttir

verkfræðingur  
21. sæti  
Framsókn



Sveitarfélög á Íslandi komast ekki hjá því að horfast í augu við ógnir sem geta raskað daglegri starfsemi samfélagsins. Þó maður líti ekki lengra en 15 ár aftur í tímann, þá hefur Árborg þurft að takast á við jarðskjálfta, bankahrún, faraldur, húsbruna og sinuelda í byggð. Ekki er dregið í efa að hver einasti aðili í samfélaginu hafi brugðist strax við og gert sitt besta þegar á reyndi. Hins vegar sýnir reynslan að því betur sem íbúar, starfsmenn og bæjarfulltrúar eru búnir undir áföllin, því betur verður staðið að aðgerðunum og því minni verður röskunin, öllum til heilla.

Á yfirstandandi kjörtímabili var komið á fót innra skipulagi í Árborg vegna samfélagsröskunar. Þetta var gert í skrefum. Árið 2020 skipaði bæjarstjórn í Viðbragðsstjórn, sem í sitja bæjarstjóri, yfirmenn sviða og lykilstarfsfólk upplýsingamiðlunar, og starfar hún þegar á reynir. Þá stofnsetti bæjarstjórn Almanna- varnaráð árið 2021 til að tryggja aðkomu bæjarstjórnar að stefnu- mótun, eftirliti og viðbragðsað-

gerðum með skipulögðum hætti. Sá orðrómur fór á kreik að Árborg ætlaði með þessu að draga sig út úr samstarfi við Almanna- varnanefnd Árnassýslu, en það var ekki rétt. Og nú á fundi sínum þann 27. apríl 2022 samþykkti bæjarstjórn skipulag sem tryggir góða stjórnsýslu- hætti vegna samfélagsröskunar sem nær til allra starfsmanna. Framundan eru verkefni á sviði áhættugreiningar, forvarna, og viðbúnaðar vegna aðgerða. Með þessum aðgerðum er Árborg að vinna að 11. heimsmarkmiði Sameinuðu þjóðanna.

Ég hef átt þann heiður að starfa með tveimur bæjarfulltrúum og bæjarstjóra í Almanna- varnaráði Árborgar við að koma á þessu nýju skipulagi. Nú, þegar þetta vandaða skipulag er í höfn finn ég fyrir þakklæti til samráðsmanna minna og þeirra starfsmanna sem tóku þátt í að móta skipulagið. Gott skipulag er afurð góðs samstarfs þeirra sem eiga að starfa eftir því. Mikilvægt er að næsta bæjarstjórn Árborgar haldi áfram því góða starfi sem hafið er. Árborg er t.d. komin í þriggja ára samstarf við Háskóla Íslands um áhættugreiningu, o.fl., og fyrir- huguð er skrifborðsæfing næsta haust. Ég óska nýrri bæjarstjórn velfarnaðar og held áfram að bjóða fram krafta mína á þessu sviði.

## Glæsilegt Íslandsmeistaramót á Selfossi

Laugardaginn 30. apríl hélt fimleikadeild Selfoss Íslandsmeistaramót í hóp- fimleikum í íþróttahúsi Iðu. Keppt var í 1. flokki og meistaraflokki. Lið allstaðar af landinu mættu til keppni í blíðskapar veðri og voru meistaraflokkarnir í beinni útsendingu á Rúv. Selfoss átti eitt lið í meistaraflokki mix og

urðu þau Íslandsmeistarar með glæsibrag. Kvinnalið meistara- flokks Selfoss þurfti því miður að skrá sig úr keppni sökum meiðsla sem hrjáð hefur liðið undanfarið. Deildin vill koma á framfæri þökkum til þjálfara, iðkenda, foreldra og sjálfboda- liða sem komu að uppsetningu mótsins.





# Ársfundur 2022

Ársfundur sjóðsins verður haldinn á Grand  
Hótel Reykjavík, Sigtúni 38, fimmtudaginn  
19. maí 2022 og hefst kl. 18:00.

Dagskrá fundar:

- 1. Venjuleg aðalfundarstörf
- 2. Tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins
- 3. Önnur mál

Í stjórn sjóðsins eru:

Sigurður Ólafsson, formaður  
Anna Halldórsdóttir, varaformaður  
Kristín Magnúsdóttir  
Eyrún Jana Sigurðardóttir  
Órvar Ólafsson  
Þór Hreinsson

Framkvæmdastjóri:

Gylfi Jónasson



|                                                      | 2021           | 2020           |
|------------------------------------------------------|----------------|----------------|
| <b>Breytingar á hreinni eign:</b>                    |                |                |
| Löggjöld .....                                       | 11.890         | 11.473         |
| Lífeyrir .....                                       | -5.293         | -4.740         |
| Hreinar fjárfestingatekjur .....                     | 34.695         | 23.606         |
| Rekstrarkostnaður .....                              | -359           | -345           |
| <b>Breyting á hreinni eign til greiðslu lífeyris</b> | <b>40.934</b>  | <b>29.994</b>  |
| <b>Hrein eign frá fyrra ári</b>                      | <b>206.573</b> | <b>176.579</b> |
| <b>Hrein eign í árslok til greiðslu lífeyris</b>     | <b>247.507</b> | <b>206.573</b> |
| <b>Efnahagsreikningur:</b>                           |                |                |
| Eignahlutir í félögum og sjóðum                      | 145.275        | 112.552        |
| Skuldabréf og aðrar fjárfestingar                    | 95.311         | 89.212         |
| <b>Fjárfestingar</b>                                 | <b>240.586</b> | <b>201.764</b> |
| Kröfur .....                                         | 1.625          | 1.580          |
| Innlán og aðrar eignir .....                         | 5.404          | 3.330          |
| Viðskiptaskuldir .....                               | 108            | 101            |
| <b>Annað</b>                                         | <b>6.921</b>   | <b>4.809</b>   |
| <b>Hrein eign í árslok til greiðslu lífeyris</b>     | <b>247.507</b> | <b>206.573</b> |
| <b>Ýmsar kennitölur</b>                              |                |                |
| Hrein nafnávöxtun samtryggingardeildar .....         | 16,4%          | 12,9%          |
| Hrein raunávöxtun samtryggingardeildar .....         | 11,0%          | 9,1%           |
| Hrein raunávöxtun, meðaltal síðustu fimm ára .....   | 7,6%           | 5,5%           |
| Hrein raunávöxtun, meðaltal síðustu tíu ára .....    | 6,5%           | 5,6%           |
| Tryggingafræðileg staða .....                        | -2,6%          | 1,5%           |

\* fjárhæðir í milljónum króna

Ársfundurinn er opin öllum sjóðfélögum en einnig verður hægt að fylgjast með fundinum í beinni útsendingu meðan á honum stendur. Þeir sjóðfélagar sem hyggjast nýta sér það eru beðnir um að skrá sig á festa@festa.is í síðasta lagi kl. 12:00 á aðalfundardegi og fá þá uppgafna slóð til að tengjast. Fulltrúar með kosningarétt þurfa þó að mæta á staðinn til að taka þátt í kosningum.

Ávöxtun séreignardeilda 2021

Hrein eign séreignardeilda nam 1.189 milljónum króna í árslok 2021, þ.a. námu eignir sparnaðarleiðar II 1.113 milljónum króna. Hrein nafnávöxtun sparnaðarleiðar I, sem hóf starfsemi á miðju ári 2018, nam 3,38% eða -1,4% í hreina raunávöxtun. Sparnaðarleið II skilaði 14,39% í hreina nafnávöxtun eða 9,11% í hreina raunávöxtun. Meðaltal hreinnar raunávöxtunar sparnaðarleiðar II undanfarin tíu ár er 5,52%.

Sími: 420 2100 - netfang: festa@festa.is

# STARFSKRAFTUR ÓSKAST Í SUMAR

Óska eftir starfsmanni í símsvörun, afgreiðslu og létt  
þrif í Landeyjahöfn, einnig starfsmann í hafnarvörslu.

Vaktavinna

Hæfniskröfur:

- Góð tölvukunnátta
- Góð enskukunnátta

Ríka þjónustulund og færni í mannlegum samskiptum.

Nánari upplýsingar í síma 863 3661.

Umsókn ásamt ferilskrá sendist á annaa@simnet.is.





## Kennarar óskast

Stöður umsjónarkennara eru lausar við Barnaskólann á Eyrarbakka og Stokkseyri. Frekari upplýsingar veitir Páll Sveinsson, skólastjóri, netfang: pall@barnaskolinn.is og Guðrún Björg Aðalsteinsdóttir, aðstoðarskólastjóri, netfang: gudrun.bjorg@barnaskolinn.is eða í síma 480 3200. Umsóknarfrestur er til og með 22. maí 2022. Eingöngu er tekið við umsóknum á ráðningavef Árborgar.



Sláturfélag Suðurlands óskar eftir íbúðum/húsum eða einstaklingsherbergjum til leigu á Selfossi og í nágrenni, fyrir starfsmenn félagsins yfir komandi sláturtíð í haust. Æskilegt er að húsbúnaður fylgi. Leigutíminn er frá 3. september til 5. nóvember. Góðar greiðslur eru í boði fyrir hentugar eignir og góðri umgengni heitið.

Áhugasamir eru vinsamlega beðnir um að hafa samband við Einar Hjálmarsson í síma/netfang: 4804103 – einarhj@ss.is eða Þórhildi Þórhallsdóttur í síma/netfang: 5756030 – thorhildur@ss.is

## Hlauparar nutu veðurblíðunnar á Selfossi

Stúdíó Sport hlaupið fór fram í annað sinn á Selfossi síðasta sunnudag. Hlaupahópurinn Frískir Flóamenn, í samstarfi við verslunina Stúdíó Sport á Selfossi stendur fyrir hlaupinu sem fór vel fram, en Frískir Flóamenn stóðu fyrir Jötunnhlaupinu frá 2017-2019 og þar áður fyrir Hlaupið eins og vindurinn eða Intersport/Byko hlaupinu. Keppt var í tveimur vegalengdum, 5 og 10 km og var ræst í bæði hlaupin á sama tíma frá Kirkjuvegi.

Í 10 km hlaupinu var Hannes Björn Guðlaugsson fyrstur á tímanum 38:33 sek. Alex Sigurðarson annar á 39:04 sek. og Haukur Freyr Axelsson í þriðja sæti á 41:13 sek. Fríða Rún Þórðarardóttir var fyrst kvenna á 42:47 sek. Katrín Ýr Friðgeirsdóttir önnur á 49:16 sek. og Sara

Árnadóttir þriðja á 49:17 sek. Í 5 km hlaupinu kom Arnar Pétursson fyrstur í mark á tímanum 15:42 sek. og næstir á eftir honum komu Stefán Kári Smáráson á 16:57 sek. og Páll Jóhannesson 18:03 sek. Í kvennaflokki voru Verena Karlsdóttir í fyrsta 19:06 sek. Halldóra Huld Ingvarsdóttir í öðru á 19:25 sek. og Hulda Fanný Pálsdóttir í því þriðja á 19:47 sek.



## Framfarasinnar í Ölfusi

**Frambjóðendur  
Framfarasinna í Ölfusi  
bjóða til bjúgnaveislu með  
Sigurði Inga í Ingólfshvoli  
fimmtudaginn 5. maí kl. 19.00**

Hrossabjúgu, meðlæti, drykkir og góð stemning.  
Er ekki bara best að skemmta sér saman?

Hlökkum til að sjá ykkur  
XB Framfarasinnar Ölfusi

## Á döfinni hjá Vinstri grænum í Árborg:

**Fimmtudagur 5. maí kl. 17:**

Framboðsfundur á Stokkseyri,  
Fjöruborðinu

**Föstudagur 6. maí kl. 17:**

Framboðsfundur á Eyrarbakka,  
Rauða húsinu

**Föstudagur 6. maí kl. 20:**

Þingmenn Vinstri grænna  
heimsækja Árborg, Fagrabæ  
Selfossi

**Laugardagur 7. maí kl. 15:**

Fjölskylduskemmtun á túninu  
við Fagrabæ, hoppukastali, ís,  
blöðrur og grill

**Laugardagur 7. maí kl. 20:**

Bjór og tónlist í Fagrabæ

**Sunnudagur 8. maí kl. 14:**

Söguganga með Bjarna  
Harðarsyni, mæting í Fagrabæ

Kosningaskrifstofan okkar í  
Fagrabæ við Bankaveg er opin  
alla daga fram að kosningum  
frá 16-18 og 11-17 um helgar.

Hjartanlega velkomin



**XV**  
14. maí



# SELFOSSHÖLLIN OPNUNARHÁTÍÐ 9. MAÍ 2022

Þó Selfosshöllin hafi sannað gildi sitt í vetur þá kom heimsfaraldur í veg fyrir að hægt væri að fagna þessum áfanga eins og tilefni er til. Nú er lag!

Selfosshöllin verður formlega opnuð með viðhöfn mánudaginn 9. maí. Boðið verður upp á tónlistatriði, pylsur grillaðar og Umf. Selfoss verður með kynningar á starfi sínu.

**Húsið opnað klukkan 17:00.**

Klukkan 19:15 verður svo fyrsti heimaleikur meistaraflökks kvenna í Bestu deildinni á þessu leiktímabili og þær hafa sannarlega unnið til þess að við stöndum við bakið á þeim og mætum á völinn.



Sveitarfélagið  
**ÁRBORG**



## Konukvöld

Fimmtudaginn 5. maí klukkan 20:00 í kosningamiðstöð Samfylkingarinnar að Austurvegi 22.

Ása Ninna Pétursdóttir segir frá Fyrsta blikinu. Beta Björgvins syngur nokkur lög.

Skemmtiatriði, búbbur og ostar.

Hlökkum til að sjá ykkur!



**XS**

## Reynsla Þekking Ábyrgð

Tekjuskiptingin á milli ríkis og vaxtarsveitarfélaga þarf að vera sanngjarnari. Það þarf að taka slaginn við ríkisvaldið.

Það skiptir máli hverjir stjórna.

Samfylkingin í Árborg teflir fram öflugum lista af reynslumiklu fólki.

Kjósum reynslu, þekkingu og ábyrgð.



Kynntu þér málið á [xs.is/arborg](https://xs.is/arborg)

## Basar.

Hjá Rauða Krossinum Mánamörk 1. (næsta hús fyrir austan Bónus) Ódýr fatnaður fyrir börn og fullorðna. Handþrjónaðar peysur, sokkar, vettlingar, húfur, barnateppi, ungbarnafatnaður og margt fleira.

### Opið

6. - 7. og 8. maí 2022  
Frá kl: 14 - 17



**Rauði kross Íslands**  
Hveragerðisdeild

## Auglýsing um skipulag í sveitarfélaginu Ölfus

Bæjarstjórn Ölfuss samþykkti þann 28. apríl eftirtaldr skipulagstillögur til auglýsingar í samræmi við 40. grein og 1. málsgrein 41. greinar skipulagslaga nr. 123/2010.

### Deiliskipulagstillaga um íbúðarlóðir við Ingólfsahl

Tillagan markar og setur skilmála fyrir 4 íbúðarhúsalóðir og frístundahús, ásamt skemmu og aðstöðu fyrir hesta og hestamenn. Í gildi er eldra deiliskipulag fyrir svæðið sem fellur úr gildi við endanlega gildistöku tillögunnar. Tillagan verður til sýnis á sveitarstjórn Ölfuss, Hafnarbergi 1, Þorlákshöfn frá 4. maí - 9. júní 2022. Hægt er að senda ábendingar eða athugasemdir á netfangið skipulag@olfus.is eða með pósti á heimilisfangið: Skipulagsfulltrúi Ölfus, Hafnarbergi 1, 815 Ölfus, fyrir lok dags 9. júní 2022.

### Skipulagslýsing fyrir Ölfusvirkjun

Reykjavík Geothermal hefur látið vinna skipulagslýsingu fyrir aðalskipulagsbreytingu og deiliskipulag vegna Ölfusvirkjunar. Ölfusvirkjun er allt að 10 MW jarðhitavirkjun austan við Fjallið eina, suðvestan við við Bolöldu. Tillagan verður til sýnis á sveitarstjórn Ölfuss, Hafnarbergi 1, Þorlákshöfn frá 4. - 18. maí 2022. Hægt er að senda ábendingar á netfangið skipulag@olfus.is eða með pósti á heimilisfangið: Skipulagsfulltrúi Ölfus, Hafnarbergi 1, 815 Ölfus, fyrir lok dags 18. maí 2022.

Gunnlaugur Jónasson, skipulagsfulltrúi



# Samgöngur skipta alla máli!

Í dreifbýlu sveitarfélagi líkt Log Rangárlingi eystra skipta samgöngur stærstan hluta íbúa mjög miklu máli. Þær koma við daglegt líf íbúa og því verður að tryggja að þær séu með sem allra besta móti. Því miður hefur sveitarfélagið ekki fullt forræði yfir samgöngukerfum sveitarfélagsins og langstærstur hluti þess er á forræði Vegagerðarinnar. Því er mikilvægt að sveitarfélagið leggi hart að því að fá samgöngubætur við Vegagerðina og ráðamenn þá sem þar geta haft áhrif. Á undanföllum árum hefur B-listinn lagt höfuðáherslu á að kortleggja samgöngukerfi sveitarfélagsins með það að markmiði að hafa haldþætt staðreyndir til grundvallar þeim kröfum sem gerðar verða til yfirvalda. Ekki verður séð að nokkuð annað verkfæri muni nýtast til hagsmunagæslu fyrir íbúa sveitarfélagsins.

Dæmi um þau verkfæri sem sveitarfélagið hefur nú í hendi eftir gagnaöflun síðustu ára eru:

- Úttekt fagaðila á öllum vegum í dreifbýli þar sem þeir hljóta öryggiseinkunn.
- Umferðaröryggisáætlun fyrir sveitarfélagið í heild.
- Auglýsing um umferð í þétt-

**Bjarki Oddsson**

3. sæti framsóknarmanna og annara framfarasinna í Rangárlingi eystra.



býlinu Hvolsvelli sem lækkar meðal annars hámarks hraða í íbúðargötum.

Samgönguverkfræðingur hefur gert úttekt með öryggi vegfarenda í þéttbýlinu Hvolsvelli að leiðarljósi.

Allar þessar aðgerðir munu liggja til grundvallar í þeirri vinnu sem framundan eru hjá sveitarfélaginu til þess að bæta þau samgöngukerfi sem það hefur yfir að ráða með það að markmiði að bæta lífsgæði íbúa og ekki síður auka öryggi þeirra. Þá veita þessar upplýsingar sveitarfélaginu verkfæri til þess að fylgja betur eftir kröfum sínum við valdbær stjórnvöld.

Sveitarfélagið hefur einnig fengið tugi milljóna úr styrkvegagjóði til viðhalds samgönguleiða. Hefur mikil bragarbót orðið á þeim vegköflum sem mögulegt hefur verið að sækja um styrki fyrir og fyrir liggur að

áframhald verður á þeirri vinnu á næstu árum.

Það er mín skoðun að á næstu árum verði sveitarfélagið að leggja í töluverða vinnu við viðhald og endurbætur á bæði götum og gangstéttum í þéttbýli. Vinna verður áætluð til nokkurra ára með það að markmiði að götur og gangstéttir séu til fyrirmyndar fyrir alla íbúa sveitarfélagsins og gesti þess óháð ferðamáta. Þá þarf að leggja höfuðáherslu á að þrýsta á Vegagerðina að bæta tengivegi í dreifbýli og þá sérstaklega þá sem skólábörn þurfa að aka um alla daga til og frá skóla, með það að markmiði að stórauka lagningu bundins slitlags á umrædda vegi.

Almenningssamgöngur hafa verið í algjöru lamasessi og því fáir sem nýta sér þær, með hækkanandi eldsneytisverði eykst kostnaður ungmenna á framhaldsskólaaldri sem þurfa að aka um langa leið til og frá skóla. Málaflokkur almenningssamgangna þarf því að skoða alvarlega og þrýsta á Vegagerðina sem hefur þann málaflokk á sinni könnu að bæta verulega þá þjónustu sem boðið er uppá til að auka ásókn og mæta þörfum íbúa.

# Reynsla og forysta skiptir máli

Síðustu fjögur ár hef ég fengið tækifæri til að starfa í þágu bæjarbúa Hveragerðisbæjar sem bæjarfulltrúi í meirihluta D-listans og einnig á sameiginlegum vettvangi sveitarfélaga á Suðurlandi, í stjórn Samtaka Sunnlenskra Sveitarfélaga. Þessi fjögur ár hafa verið fljót að líða og þegar maður lítur til baka sér maður þann mikla árangur sem við í D-listanum höfum náð síðustu ár, á heldur betur krefjandi tímum. Því er frábært að sjá hvernig öll stefnumál okkar hjá D-listanum hafa orðið að veruleika eða eru í farvatninu, ásamt miklu fleiri verkefnum sem við höfum orðið að glíma við en enginn gat séð fyrir.

### Uppbygging innviða í takt við fjölgun íbúa

Frá árinu 2018 og til dagsins í dag hefur íbúum Hveragerðisbæjar fjölgað um 483 íbúa sem er 18% fjölgun. Á sama tíma og íbúafjölgun hefur verið svo mikil og hröð höfum við gætt að því að uppbygging innviða sé í takt við mikinn fjölda nýrra íbúa. Nýjar íbúðagötur hafa verið lagðar og lóðafraðboð fyrir atvinnulóðir hefur verið aukið. Þannig hefur skapast fjöldi nýrra starfa og atvinnutækifæra í bænum sem Hveragerðingar hafa getað nýtt sér á einhvern hátt. Til að mæta auknum fjölda barnafjölskyldna sem hafa ákveðið að flytjast til Hveragerðis höfum við byggt við Grunnskólann í Hveragerði 6 nýjar kennslustofur og þar að auki var bætt við tveimur nýjum

deildum á Leikskólanum Óskaland. Við stefnum síðan áfram að uppbyggingu nýrra íbúða- og atvinnusvæða, áframhaldandi uppbyggingu skólamannvirkja og ýmsa uppbyggingu íþróttamannvirkja og menningarlífs.

### Ánægðustu íbúar landsins

Íbúar Hveragerðisbæjar skipta sér í efsta sæti íbúa landsins þegar spurt er um heildaránægju íbúa með sveitarfélagið sem stað til þess að búa á, en þetta er niðurstaða þjónustukönnunar sveitarfélaga á vegum Gallup. Undanfarin ár hafa Hveragerðingar vermt efstu sæti þessarar könnunar í nær öllum flokkum sem spurt er um. Þegar maður hugsar þetta síðan þá þarf í raun enga skoðunarkönnun til að sjá þetta, það er nóg að ræða við íbúa bæjarins og atvinnurekendur til að heyra hversu ánægð þau eru með Hveragerðisbæ sem stað til að búa á og reka fyrirtæki. Á hverjum degi og sérstaklega um helgar fjölga síðan íbúum bæjarins svo um munar þegar allir þeir gististaðir sem við höfum uppá að bjóða fyllast af innlendum sem erlendum ferðamönnum. Nær hvert sem lítið er má sjá ánægða ferðamenn njóta allra þeirra gisti-, veitingastaða og verslana sem hafa byggst upp í Hveragerði á undanföllum árum. Þegar maður síðan hittir vinnufélaga eða kunningja sem hafa dvalist í Hveragerði þá hafa allir eitt-hvað um það að segja hversu frábært þeim fannst að koma til

**Friðrik Sigurbjörnsson**

Forseti bæjarstjórnar og oddviti D-listans í Hveragerði



Hveragerðis og svo enda flestir á því að segja að þau gætu bara jafnvel hugsað sér að flytjast til Hveragerðis.

### Vinum áfram saman

Fulltrúum D-listans hefur verið treyst til forystu í Hveragerði um árabíl. Sú forysta hefur verið farsæl. Á þessum árum hefur Hveragerði færst í hóp vinsælustu sveitarfélaga landsins. Eitt mikilvægasta verkefni sveitarstjórnar er að vel sé haldið utan um sameiginlega fjármuni bæjarbúa. Hvergerðingar hafa getað treyst því að svo sé og jafnframt hafa þeir getað treyst því að þær fjárfestingar sem ráðist hefur verið í hafi verið skynsamlegar og til hagsbóta fyrir bæjarbúa. Á óvissutímum eins og þeim sem við lifum við í dag, þar sem verðbólga er komin langt yfir öll markmið, og óvissa er um marga aðra þætti er snúa að rekstri sveitarfélaga er mikilvægt að áfram sé vel haldið á fjármálum bæjarins og að tryggt sé að rekstur bæjarins sé í föstum skorðum. Reynslan og forysta skiptir máli og því viljum við vinna áfram saman við að gera bæinn okkar enn betri.



# Hættum að bregðast við!

Hveragerði hefur alltaf verið mikill íþrótt- og útivistar-bær. Við erum með eitt fallegasta útsvæði landsins undir Hamrinum, gríðarleg tækifæri til uppbyggingar á Grýluvallarsvæðinu og einstaka sundlaug í Laugarskarði. En betur má ef duga skal.

Mikilvægt er að tryggja samkeppnishæfa aðstöðu í íþróttastarfi í Hveragerði í samræmi við raunhæfa framtíðastefnu.

## Ekki hlustað á notendur Hamarshallarinnar

Eins og flestum er kunnugt um samþykkti Sjálfstæðisflokkurinn að pöntuð yrði ný loftborin höll í stað þess að hlusta á aðra kosti sem minnihlutinn hafði aflað verðhugmynda og upplýsinga um, og kostaði miklum mun minna en þeir valkostir sem voru tíundaðir í ófullgerðri skýrslu Verkis sem lá fyrir fundinum. Sjálfstæðisflokkurinn hafnaði því að skoða þann valkost nánar. Á fundinum vísuðu bæjarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins til þess að hlustað hefði verið á raddir íþróttahreyfingarinnar við töku ákvörðunarinnar. Það er einfaldlega ekki satt. Allar þær íþróttagreinar sem nýttu sér þá aðstöðu sem boðið var upp á með tilkomu loftblöðrunar vildu sjá endurbætur í stað stöðnunar. Til að mynda hefur ekki verið brugðist við því að loftþrýstingurinn hefur áhrif á badminton-flugur og blakbolta, hitastigið fari illa í þau börn sem stunda fimleika ásamt því að engir flatir veggir séu til staðar í slíku húsnæði sem takmarkar æfingar sem hægt er að stunda. Að auki hentar húsnæðið illa fyrir körfuknattleik af ýmsum ástæðum og hefur KKÍ gefið það út að ekki séu líkur á því að heimilaðir verði keppnisleikir í húsnæðinu þar sem loftþrýstingur sé annar en almennt gerist í íþróttahúsum og það hafi mikil áhrif á leikinn og leikmenn. Ýmsir óvissupættir eru einnig enn til staðar. Það er ekki komið á hreint hvort tjónið verði bætt að fullu, áhættumat var ekki gert, fyrir utan þá staðreynd að ekki er vitað hversu lengi næsta loftbláða mun standa. Því er mér spurn, er það hlutverk Sjálfstæðisflokksins að stunda áhættufjárfestingar fyrir hönd bæjarbúa? Með uppsetningu skammtímalausnar varðandi Hamarshöllina viðhöldum við þeim vandkvæðum sem þessum loftborna húsakosti fylgir og stöndum þannig frammi fyrir því að þurfa að bregðast við eftir á enn á ný þegar að því kemur að hún springur aftur.

## Útivistarsvæðið undir Hamrinum

Útivistarsvæðið undir Hamrinum er að mati undirritaðs eitt fallegasta útivistarsvæði sem fyrir finnst á Íslandi. Því er grátlegt að þau tækifæri sem felast í því svæði hafi ekki verið nýtt.

Jóhann Karl Ásgeirsson Gígja  
7. sæti á lista Okkar Hveragerðis



Búið er að setja upp frísbíggjuföll á svæðinu sem er frábært en umhirda og umsjón vallarins mætti hins vegar vera betri. Við svæðið stendur malarplan í eigu bæjarins sem hægt væri að nýta miklu betur. Einnig er það brýnt að ærslabelgurinn fari aftur upp, þar eða annars staðar, en einfaldar lausnir eru á slæmri umgengni um belginn sem hefði verið auðvelt að huga að strax í upphafi að fenginni reynslu annarra sveitarfélaga. Tækifærin eru endalaus, það vantar bara viljann til þess að hrinda þessu í framkvæmd og gera það vel. Það er eitthvað sem við í Okkar Hveragerði höfum svo sannarlega.

## Aukinn frístundastyrkur fyrir tekjulaga

Annar hópur sem oft virðist gleymast í umræðunni eru þær fjölskyldur sem minna hafa milli handana. Því er mjög mikilvægt að frístundastyrkur verði aukinn til þeirra sem á þurfa að halda. Því það á ekki að vera eingöngu á höndum þeirra sem efni hafa á að leyfa börnum sínum að stunda íþróttir. Í Hveragerði eiga allir að hafa jöfn tækifæri til íþróttaiðkunar óháð fjárhagsstöðu foreldra eða forráðamanna. Einnig þarf að tryggja stuðning í íþrótt- og frístundastarfi og í lengdri viðveru fyrir börn og ungmenni með stuðningsþarfir. Þetta er hópur sem gleymist alltof oft í annars góðu starfi íþróttahreyfingarinnar.

## Viðhalda þarf leiksvæðum og fjölga þeim

Hægt er að fara ýmsar leiðir í að auka við hreyfingu og útiveru barna og ungmenna. Uppbygging og viðhald leiksvæða í bæjarfélaginu eru stór þáttur í því. Viðhalda þarf núverandi leiksvæðum mun betur en nú er gert og í ört stækkandi bæjarfélagi eins og Hveragerði þarf fjölgun leiksvæða að fylgja með. Við þurfum að hætta að bregðast við fólksfjölgun og gera fremur ráð fyrir henni. Mikilvægt er að koma upp leiksvæðum á dreifðum staðsetningum um bæinn svo börn og ungmenni eigi auðvelt með að sækja slík svæði heim óháð því hvar í Hveragerði þau búa. Sem dæmi um staðsetningu slíks leiksvæðis þar sem hefur skort leiksvæði er hægt að nefna grasblettinn í Heiðarbrún, en þar er kjörið tækifæri fyrir stórt og flott leiksvæði sem ekki hefur verið nýtt. Í Kambalandinu verða sömuleiðis að rísa upp leiksvæði fyrir þær fjölmörgu fjölskyldur sem koma til með að búa þar á stóru svæði.

## Langar þig að vinna með ungum börnum? Eða langar þig að aðstoða í eldhúsi?



Leikskólinn Krakkaborg í Flóahreppi leitar að deildarstjóra, leikskólakennara og aðstoð í eldhúsi. Viðkomandi þarf að vera jákvæður, tilbúin að taka þátt í metnaðarfullu og faglegu starfi þar sem þroski og velferð barna er í fyrirrúmi.

Krakkaborg er þriggja deilda leikskóli og þar dvelja um 35- 50 nemendur frá 12 mánaða aldri. Leikskólinn er Grænfánaleikskóli og er því lögð rík áhersla á umhverfismennt og grenndarkennslu. Leikskólinn starfar eftir hugmyndafræði John Dewey og er hluti af heilsuefandi samfélagi.

### Helstu verkefni og ábyrgð:

- Deildarstjóri vinnur samkvæmt lögum um leikskóla, aðalnámskrá leikskóla, stefnu og skipulagi. Er hluti af stjórnunarteymi leikskólans og ber ábyrgð á að unnið sé eftir skólanámskrá og starfáætlun leikskólans.
- Leikskólakennari vinnur samkvæmt starfslýsingu leikskólakenna að uppeldi og menntun leikskólanbarna og tekur þátt í skipulagningu faglegs starfs ásamt foreldrasamstarfs undir stjórn deildarstjóra. Hann fylgist með nýjungum á sviði kennslu og er virkur þátttakandi í faglegri umræðu leikskólans.
- Starfsmaður í eldhúsi vinnur samkvæmt starfslýsingu aðstoðarmanns í eldhúsi undir stjórn matráðs.

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Kennararéttindi
- Jákvæðni, frumkvæði og samstarfsvilji
- Færni í mannlegum samskiptum
- Áhugi, reynsla og hæfni í starfi með ungum börnum
- Góðir skipulagshæfileikar
- Sveigjanleiki
- Góð íslensku kunnátta
- Reynsla af uppeldi og menntun leikskólabarna

Starfshlutfall er 100% inni á deild og miðast er við að starfsmaður geti hafið störf í 3. ágúst 2022 eða eftir nánara samkomulagi.

Starfshlutfall í eldhúsi er 75% og miðast er við að starfsmaður geti hafið störf sem fyrst eða eftir nánara samkomulagi.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga við viðkomandi stéttarfélag. Vakin er athygli á að ef leikskólakennari sækir ekki um kemur til greina að ráða annað háskólamenntað fólk eða leiðbeinendur.

Umsóknir skulu berast í gegnum heimasíðu leikskólans [krakkaborg.leikskolinn.is](http://krakkaborg.leikskolinn.is) Umsókn skal fylgja ferilskrá og kynningarbréf.

Umsóknarfrestur er til 12. maí 2022

Nánari upplýsingar um starfið veitir Sara Guðjónsdóttir leikskólastjóri í síma 480-0151 eða [sara@krakkaborg.is](mailto:sara@krakkaborg.is)

Þessi leiksvæði þurfa einnig að geta nýst allan ársins hring. Því er það brýnt að þessi svæði verði upphitad eins og kostur er. Það hreinlega gengur ekki að leiksvæði geti eingöngu nýst ungmennum hluta úr ári eins og verið hefur.

Hættum að bregðast við með skammtímalausnum, hugsum til lengri tíma með fyrirbyggjandi aðgerðum, sköpum varanlega aðstöðu sem helst í hendur við fólksfjölgun í bæjarfélaginu!

**DAGSKRÁIN**  
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

**Viltu vekja athygli á Suðurlandi?**

**Pantaðu auglýsingar strax í dag!**  
Sími 482 1944 - [auglysingar@dfs.is](mailto:auglysingar@dfs.is)





## Af hverju fluttir þú í Nýju Árborg?

Frá árinu 2018 hefur íbúum í Sv. Árborg fjölgað úr 9.000 í 11.000 eða um 22%. Samkvæmt tölum Hagstofunnar eru aðfluttir á tímabilinu um 4.000 og brottfluttir 2000. Það þýðir að ríflega þriðjungur þess fólks sem að býr í sveitarfélaginu nú, bjó ekki hér fyrir árið 2018. Mögnuð staðreynd!

Hefur þú kæri nýbúi í Sv. Árborg velt því fyrir þér af hverju þú og þín fjölskylda völdu að flytja í sveitarfélagið? Getur það verið vegna þess að á undanförunum fjórum árum hefur núverandi bæjarstjórnarmeirihluti markvisst unnið að því gera sveitarfélagið fjölskylduvænt og það eftirsóttasta á landinu að búa í? Svo sem með byggingu Selfosshallarinnar, sex deilda leikskólans Goðheima og leik-, grunn-, og tónlistarskólans Stekkaskóla ásamt því að útbúa fjölskyldugarð við Gráhellu og vinna markvisst að því innan stjórnsýslunnar að sem allra besta þjónusta yrði veitt íbúunum.

### Við látum verkin tala

Veistu hvernig staðan var þegar að núverandi bæjarstjórnarmeirihluti tók við um vorið 2018? Verkefnið sem biðu okkar, eftir átta ára valdatíð D-lista Sjálfstæðisflokksins, voru risavaxin. Fáir óska eftir því að slík staða banki aftur uppá, nema þá kannski helst fáir útvaldir. Úrlausnarefnið kröfðust skynsamlegra lausna og útheimti gríðarlega vinnu okkar sem störfuðu



saman í meirihlutanum. Í stuttu máli sagt að þá var það alls ekki sjálfgefið að svo vel hafi heppnast til við uppbyggingar- og endurreisnarstarfið og raun ber vitni. Undanfarin fjögur ár hefur Sv. Árborg hreinlega tekið algerum stakkaskiptum. Og það allt gert á meðan að Covid-19 skók heimsbyggðina.

Við sem skipum framboðslista M-lista Miðflokksins og Sjálfstæðra munum halda áfram því endurreisnar- og uppbyggingarstarfi sem hófst árið 2018, og gerum það nú undir kjörorðinu „Nýja Árborg“. Við munum halda áfram á sömu braut og mörkuð var fyrir fjórum árum síðan.

Ert þú og fjölskylda þín ekki sammála okkur um að því verki beri að halda áfram og halda Sv. Árborg á þeim stelli að vera eftirsóknarverðasti búsetukostur landsins?

*Tómas Ellert Tómasson, skipar 1. sæti á framboðslista M-lista Miðflokksins og Sjálfstæðra í Árborg*

*Ari Már Ólafsson, skipar 2. sæti á framboðslista M-lista Miðflokksins og Sjálfstæðra í Árborg*



# D

## GERUM GOTT BETRA

KJÓSUM D-LISTANN Í ÖLFUSI ÞANN 14. MAÍ!

## Nemendagarðar

Árborg er framtíð námsmanna. Hér eigum við að geta skapað nærandi og hvetjandi umhverfi fyrir námsmenn á öllum skólastigum en hér verður horft til framhaldsskóla og háskóla.

Skólasamfélag einkennist meðal annars af metnaði fyrir því að vera í takt við tímann, hafa fagmennsku að leiðarljósi og vera í tengslum við atvinnulífið. Þetta eru stórar áskoranir en ekki síður spennandi og krefjandi. Hér í Árborg hefur margt verið gert síðustu árin í skólamálu til að efla þessa þætti og áfram göngum við. Hlúð hefur verið að iðnnámi og því gert hærra undir höfði sem vel er fagnað. Nemendur geta nú stundað nám hér í Árborg í iðngreinum, íþróttakademíum ásamt bóklegum greinum og er það vel.

Hér eru kjöraðstæður til að byggja nemendagarða sem gætu þjónað fjölbreyttu hlutverki fyrir nemendur á framhalds- og

háskólastigi. Fyrir nemendur á framhaldsskólastigi myndu nemendagarðar vera heimavist meðan á framhaldsnámi stendur. Upptökusvæði Fjölbreyttaskóla Suðurlands er stórt og nauðsynlegt að skapa aðstæður fyrir nemendur sem koma annars staðar að þann möguleika að geta verið í framhaldsskóla hér í Árborg. Einnig er mikilvægt að þegar námi í framhaldsskóla lýkur hafi nemendur tækifæri til að nýta nemendagarðana áfram í því námi sem tekur þá við.

Í stað þess að þurfa að flytja í dýrara húsnæði á höfuðborgarsvæðinu gætu nemendur nýtt nemendagarðana áfram og stundað nám á höfuðborgarsvæðinu og þá einnig almenningssamgöngur ef vilji er fyrir því. Þannig eflum við og styðjum við bakið á nemendum til áframhaldandi náms og sköpum menningarverðmæti hér í Árborg. Þetta yrði lyftistöng fyrir bæjarfélagið og afar hvetjandi fyrir námsmenn víðar

**Guðbjörg Grimsdóttir**

2. sæti hjá VG í Árborg



**Birgitta Ósk Hlökkversdóttir**

15. sæti hjá VG í Árborg



á landinu að horfa til þessa úrræðis. Nemendagarðar myndu þannig skapa jákvæða umræðu og sýna í verki þann hug sem Árborg hefur til menntunar.

Með þessu móti getur sveitarfélagið komið til móts við nemendur og verið hvatning til að stunda nám því fjárfesting í menntun skilar sér margfalt til baka til samfélagsins. Við í VG viljum leggja okkar af mörkum til að efla unga fólkið okkar og um leið framtíðina. Nemendagarðar eru ein leið til þess.

## Kæri íbúi í Sveitarfélaginu Ölfusi

Áskorunin sem við íbúar í Ölfusi stöndum frammi fyrir er sú, að sveitarfélagið okkar stækki ekki aðeins heldur dafni líka. Við á íbúalistanum viljum bæta kjör fjölskyldna, auka lífsgæði aldraðra og leggja grunn að fjölbreyttu atvinnulífi. Við ætlum að horfa inn á við og hlúa að samfélaginu, styrkja innviði þess og mannaúð. Í því samhengi viljum við ráða mannauðsstjóra því mannaúður sveitarfélagsins er lykillinn að góðum árangri og mikilvægasta auðlindin sem við eigum, það þarf að hlúa að þessari auðlind. Með því að ráða mannauðsstjóra þá getum við verið með fyrirbyggjandi aðgerðir, eins og að bjóða upp á stuðning og hjálfun fyrir stjórnendur og starfsfólk sveitarfélagsins sem styrkir það, dregur úr álagi og langtímaveikindum starfsfólks.

### Íbúalistinn ætlar að auka lífsgæði aldraðra

Það er brýnt að koma málefnum eldri borgara í lag. Við hjá Íbúalistanum ætlum að bæta þjónustuna sem sveitarfélagið veitir og beita okkur fyrir og vera öflugir málsvavar eldri borgaranna okkar þegar kemur að þjónustu sem veitt er af þriðja aðila. Við viljum auka öryggi og lífsgæði eldri borgara. Það sama gildir um fatlað fólk og öryrkja, við viljum vera málsvavar þessara hópa og berjast fyrir bættum hag allra í þessu sveitarfélagi.

### Íbúalistinn ætlar að bæta kjör fjölskyldna

Biðlistar fyrir sérfræðipjónustu innan skóla sveitarfélagsins hafa farið vaxandi síðustu ár og þar þarf að bregðast fljótt við með bættri þjónustu. Grunnskólinn í Þorlákshöfn er til fyrirmyndar á mörgum sviðum og viljum við styðja vel við framþróun og

faglegt starf hans og annarra skóla í Sveitarfélaginu Ölfusi. Leikskólinn er mikilvæg grunnþjónusta við fjölskyldur af öllum gerðum. Börnin fá þar fræðslu, þekkingu, umönnun, hlýju, læra félagsfærni og þroskast. Með mikilvægi leikskólans í huga er gagnrýnivert hvernig núverandi meirihluti breytti án nokkurs samráðs, leikskólanum Bergheimum í Hjallastefnuleikskóla. Mikil starfsmannavelta og ör starfsmannaskipti hafa fylgt í kjölfarið og óvissa sem því fylgir. Við á íbúalistanum ætlum að skapa stöðugleika og öryggi í þessari mikilvægu velferðarþjónustu, flyta byggingu nýs leikskóla eins og kostur er og eyrnamerkja þar ungbarnadeild fyrir börn frá 12 mánaða aldri. Við ætlum að hafa ríkt samráð við foreldra og starfsfólk um stefnu skólans. Við viljum bæta kjör fjölskyldna í sveitarfélaginu, ekki síst barnafjölskyldna.

Samfélagið okkar er fjölbreytt og við viljum draga fram fjölbreytileikann og gera honum hátt undir höfði í gegnum öflugt menningarstarf. Við á íbúalistanum teljum að það þurfi að endurráða menningar- og samskiptafulltrúa og nýta menninguna betur til að byggja brýr á milli ólíkra hópa og stuðla þannig að blómlegu samfélagi þar sem allir fá að njóta sín.

### Íbúalistinn ætlar að leggja grunn að fjölbreyttu atvinnulífi

Við þurfum meiri atvinnu í sveitarfélagið, fjölbreyttari atvinnutækifæri sem gefa fleirum kost á að vinna í heimabyggð. Uppbygging atvinnu á þó ekki að vera á kostnað lífsgæða íbúa, hún á að auka þau. Það er alls ekki hjá því komist að huga þarf betur

að umhverfismálum. Markmið ríkisstjórnar Íslands er að landið verði þekkt sem leiðandi á sviði sjálfbærni og þar viljum við að Sveitarfélagið Ölfus sýni frumkvæði og verði ekki eftirbátur annarra sambærilegra sveitarfélaga. Við á íbúalistanum ætlum að auka samkeppnishæfni Sveitarfélagsins Ölfuss með sjálfbærni að leiðarljósi, sjálfbærni sem tekur til efnahags, samfélags og umhverfis. Við ætlum að skipuleggja og reisa græna iðngarða, svipað og verið er að gera á Akranesi og skapa aðstæður fyrir samfélagslega ábyrg fyrirtæki að koma hingað og starfa, fyrirtæki þar sem meiri þörf er á starfsfólki með sérhæfða menntun. Við ætlum að leggja grunn að fjölbreyttu atvinnulífi.

### Sterk og gagnsæ stjórnsýsla

Stjórnsýslan þarf að vera sterk, gagnsæ og yfir allan vafa hafin. Stjórnsýslan þarf að hafa hagsmuni fólksins að leiðarljósi. Þetta viljum við bæta. Það þarf að eiga sér stað aukið samtal og samráð við íbúa í sveitarfélaginu. Íbúalistinn ætlar að lýðræðisvæða sveitarfélagið.

Íbúalistinn samanstendur af ólíku fólki sem hægt er að kynnst betur inn á íbúalistinn.is. Við viljum bjóða þér kæri íbúi upp á krafta okkar á komandi kjörtímabili. Við viljum vinna fyrir þig og aðra íbúa í Sveitarfélaginu Ölfusi en ekki að sérhagsmunum fárra. Íbúalistinn vill bæta kjör fjölskyldna, auka lífsgæði aldraðra og leggja grunn að fjölbreyttu atvinnulífi. Finnir þú samleið með okkar gildum og markmiðum þá biðjum við þig að merkja x við H í kosningunum 14. maí.

Ása Berglind Hjálmarsdóttir, oddviti Íbúalistans





Vínartónleikar og skólatónleikar Sinfóníuhljóm-sveitar Suðurlands

Sinfóníuhljóm-sveit Suðurlands fagnar sumri með Vínartónleikum á Kirkjubæjarklaustri og Höfn og skólatónleikum fyrir nemendur í fjórum grunnskólum; Víkurskóla, Kirkjubæjarskóla, Grunnskólanum Hofgarði og Grunnskóla Hornafjarðar.

Fyrri Vínartónleikarnir verða 7. maí á Klaustri og þeir seinni í Menningarmiðstöð Hornafjarðar sunnudaginn 8. maí. Á efnisskrá tónleikanna verða Straussvalsar og Kampavíngsalopp svo eitt-hvað sé nefnt og einsöngvari með hljómsveitinni verður Sigrún Hjálmtýsdóttir.

Mánudaginn 9. maí mun svo hljómsveitin halda skólatónleika fyrir nemendur grunnskólanna. Aðalefni þeirra tónleika er tónverkið Lykillinn eftir þá Tryggva M. Baldvinsson og Sveinbjörn I. Baldvinsson sem er eins konar „Pétur og úlfurinn“ úr íslenskum sagnaveruleika. Sögumaður er Stefán Sturla Sigurjónsson leikari. Skólatónleikunum líkur með því að nemendur syngja Á Sprengisandi með hljómsveitinni, öll þrjú erindin enda búinir að æfa vel með tónmenntakennurum sínum áður en þeir mæta á tónleikana.

Greta Guðnadóttir er konsertmeistari Sinfóníuhljómsveitar Suðurlands og hljómsveitarstjóri er Guðmundur Óli Gunnarsson.



Skipta fjármál Sveitarfélagsins Árborgar þig máli?

Þegar kemur að skrifum um fjármál sveitarfélagsins þá missa margir áhugann. En staðreyndin er sú að skilvirkur rekstur og aðhald í fjármálum er grundvallaratriði og skiptir okkur öll máli. Það er grundvöllur þess að sveitarfélagið hafi bolmagn til að lækka gjöld og fasteignaskatta á íbúa jafnt sem fyrirtæki, ásamt því að geta veitt þá grunnþjónustu sem íbúar og fyrirtæki hafa þörf fyrir. Rekstur sveitarfélagsins á að vera sjálfbær. Tekjur þurfa að duga fyrir kostnaði rétt eins og hjá heimilum og fyrirtækjum. Kjörnum fulltrúum ber því skylda að haga rekstri sveitarfélagsins þannig að það geti sinnt lögbundnum verkefnum sínum til framtíðar.

Innviðaupbygging

Traustir innviðir eru mikilvægir. Þegar þeir eru í lagi tökum við ekki eftir þeim og við göngum að þeim sem vísun. Góðir innviðir tryggja og stuðla að bættum lífsgæðum og þegar hlutirnir eru ekki í lagi þá bregður okkur við. Innviðaupbygging í Sveitarfélaginu Árborg hefur ekki haldið í við aðra uppbyggingu. Þó fjölgun íbúa hafi verið mikil síðustu ár þá afsakar það ekki stöðuna sem nú er uppi. Framtíðarsýn og markviss vinna er það sem þarf í aðstæðum sem þessum. Afleiðingar ástandsins hafa áhrif á líf og lífsgæði íbúa.

Skuldir á hvern íbúa

Ársreikningur Sveitarfélagsins Árborgar fyrir árið 2021 var í síðustu viku lagður fram í bæjar-

Fjóra Kristinsdóttir

2. sæti á D-listanum í Árborg



stjórn og verður að segjast að niðurstöður hans valda miklum vonbrigðum. Gríðarlegt tap er á rekstri sveitarfélagsins og skuldahlutfall þess eitt það hæsta á landinu. Ríflega 2ja milljarða króna tap var á rekstri aðalsjóðs (A-hluti) þrátt fyrir 1,4 milljarða hækkun á tekjum sem þýðir einfaldlega að tekjur duga ekki fyrir útgjöldum. Skuldir sveitarfélagsins námu um 21 milljarði sem jafngildir því að skuldir á hvern íbúa eru tæplega 2 milljónir. Samantekin rekstrarniðurstaða A og B hluta er neikvæð um tæplega 1,8 milljarð. Fjárhagsleg staða sveitarfélagsins er grafalvarleg en fjármagnsgjöld hafa hækkað verulega á árinu. Því er mikilvægt að taka á fjármálum sveitarfélagsins af festu og ábyrgð. Forgangsraða þarf á öllum sviðum og skapa fyrirsjáanleika. D-listinn í Árborg vill móta framtíðarsýn sem er skýr og raunhæf svo sveitarfélagið geti haldið áfram uppbyggingu á þeirri þjónustu sem því ber að veita í þágu íbúa.

Ég hvet þig til að mæta á kosningaskrifstofu D-listans að Austurvegi 9 sem er opin alla virka daga kl. 16:00-19:00. Við viljum eiga samtal við þig framtíðina og þær áherslur og lausnir sem við stöndum fyrir.



Kjörfundur í Hveragerði

Kjörfundur vegna sveitarstjórnarkosninga laugardaginn 14. maí 2022 hefst kl. 9:00 og lýkur kl. 22:00 þann dag í Grunnskólanum í Hveragerði. Gengið er inn um aðalinngang við íþróttahúsið.

Sérstök athygli skal vakin á eftirfarandi:

**Kjósandi, sem ekki hefur meðferðis persónuskilríki, getur átt von á því að fá ekki að greiða atkvæði.**

Þá er ekki heimilt að vera með áróður á eða við kjörstað meðan á kjörfundi stendur svo sem barmmerki og/eða merkingar á bifreiðum.

**Tvær kjördeildir verða.**

**Í kjördeild 1 kjósa þeir sem hafa heimilisfang frá Aldinmörk til Heiðmarkar.**

**Í kjördeild 2 kjósa þeir sem hafa heimilisfang frá Hjallabrún til Þórsmarkar.**

Hveragerði, maí 2022.

Kjörstjórnin í Hveragerði.

Framboðslistar í Hveragerði fyrir sveitarstjórnarkosningar 14. maí 2022

Þrír framboðslistar bárust kjörstjórn Hveragerðis á fundi hennar föstudaginn 9. apríl og voru þeir allir úrskurðaðir gildir.



Framsókn, listabókstafur B

Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir  
Halldór Benjamín Hreinsson  
Andri Helgason  
Lórey Sigurjónsdóttir  
Thelma Rún Runólfssdóttir  
Snorri Þorvaldsson  
Kolbrún Edda Jensen Björnsdóttir  
Arnar Ingi Ingólfsson  
Hanna Einarsdóttir  
Halldór Karl Þórsson  
Brynja Sif Sigurjónsdóttir  
Örlygur Atli Guðmundsson  
Magnea Ásdís Árnadóttir  
Garðar Rúnar Árnason

Sjálfstæðisfélag Hveragerðis, listabókstafur D

Friðrik Sigurbjörnsson  
Alda Pálsdóttir  
Eypór H. Ólafsson  
Aldís Hafsteinsdóttir  
Sigmar Karlsson  
Ingibjörg Zoëga  
Sigurður Einar Guðjónsson  
Aníta Líf Aradóttir  
Árni Þór Busk  
Halldóra Baldvinsdóttir  
Styrmir Jökull Einarsson  
Feng Jiang Hannesdóttir  
Áslaug Einarsdóttir  
Bjarni Kristinsson

Okkar Hveragerði, listabókstafur O

Sandra Sigurðardóttir  
Njörður Sigurðsson  
Dagný Sif Sigurbjörnsdóttir  
Hlynur Kárasen  
Atli Viðar Þorsteinsson  
Sigríður Hausdóttir  
Jóhann Karl Ásgeirsson  
Valgerður Rut Jakobsdóttir  
Eygló Huld Jóhannesdóttir  
Eydís Valgerður Valgarðsdóttir  
Páll Kjartan Eiríksson  
Guðjóna Björk Sigurðardóttir  
Kristján Björnsson  
Anna Jórunn Stefánsdóttir

Kjörstjórn Hveragerðis.

## FUNDIR

**KRABBAMEINSFÉLAG  
ÁRNESSÝSLU**  
Símatími alla virka daga  
frá kl. 13:00 til kl. 16:00  
sími 788 0300.

**Al-Anon Selfossi**  
Al-Anon fundir á þriðjudögum  
kl. 20:00, nýliðafundur  
kl. 20:30 fundur, Hrísholti 8

**Al-Anon**  
Al-Anon fundur - Einn dagur  
í einu. Laugardagsmorgnum  
kl. 10, Hrísholti 8, Selfossi.

**AA**  
Mán. kl. 19 - PPG opinn fundur  
Mán. kl. 21 - AA fundur  
Þrið. kl. 19 - AA konufundur  
Mið. kl. 19:30 - AA fundur  
Mið. kl. 21 - AA fundur  
Fim. kl. 20 - AA karlafundur  
Fös. kl. 20:30 - AA fundur  
Lau. kl. 21 - AA Opinn fundur  
Sun. kl. 11 - AA fundur  
Sun. kl. 21 - AA fundur  
AA Hrísholti 8, Selfossi.  
Nánari upplýsingar á aa.is.

**Polskie mitingi**  
Polskie mitingi aa grupa krokus.  
Poniedziałek i czwartek godzina  
19:00. Hrísholt 8 - 800 Selfoss.

**AA Sporgöngufólk f. alla**  
Bókasafn  
Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn  
Klukkan 11-12 sunnudag.

**AA opin fundur f. alla**  
Kirkjan kjallari  
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn  
Klukkan 20:00 fimmtudag.

**OA**  
Áttu erfitt með að hætta að  
borða? OA 12 spora fundir  
Overeaters Anonymus alla  
þriðjudaga kl. 19 Hrísholti 8.

**CoDA**  
**Bataleið frá meðvirkni**  
Fundir alla laugardaga  
kl. 10:30.  
Hrísholti 8, Selfossi.  
Nánari upplýsingar á coda.is.

**Leiðin út á þjóðveg**  
Fundir í Rauðakrosshúsinu,  
Mánamörk 1, Hveragerði, efri  
hæð, fimmtudaga kl. 20:30.

## FÉLAGSSTÖRF



## OPIÐ HÚS 5. APRÍL

Óli Back og Helgi Hermanns  
syngjandi og kátir.

## HÖRPUKÓRINN

Æfingar á mánudögum kl. 16.

## SKRIFSTOFA FEBSEL

er opin eftir hádegi  
á fimmtudögum.

## HEILSUEFLING 60+

í Selfosshöllinni  
þriðjudaga og fimmtudaga  
kl. 9:30 og 10:30.

## ÞJÓNUSTA



**S. 662 1122**  
**Daglegar ferðir**  
**SELFOS - REYKJAVÍK**  
**SUÐURLAND**

## ICECOOL

Bifreiða- og breytingaverkstæði  
Gagnheiði 51, Selfossi  
Sími 482 1361 - gunni@icecool.is



**Bókhald • Framtöl • Skattskil**  
**Launavinnslur • Ráðgjöf o.fl.**

Austurvegur 6 - 800 Selfoss  
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is

**Ráð í rekstri !**

## Hjá Maddý ehf.

Eyurvegi 27 - 800 Selfoss  
s. 482 3454 - maddy@maddy.is

**Bókhald - ráðgjöf**  
**skattskil**

**Þjónusta við**  
**einstaklinga og**  
**fyrirtæki**

**Persónuleg þjónusta**



arborgtaxi@gmail.com

**KRANAVINNA**  
**GRÖFUVINNA**  
**25 ÁRA REYNsla**

Diddi S. 861 4966



800PRENT

**Alhliða merkingar**

• Bílamerkingar  
• Gluggamerkingar  
• Límmiðaprentun  
• Ljósaskilti  
• Nafnspjöld o.fl.

✉ einar@800prent.is ☎ 694 6163

## KIRKJUR

**Selfosskirkja**  
Fermingarmessur laugardaginn  
7. maí kl. 11:00 og 13:00.  
Fermingarmessa sunnudag-  
inn 8. maí kl. 11:00.  
Morgunbænir þriðju-, mið-  
viku- og fimmtudaga kl. 9:15.  
Kyrrðarstund miðvikudaga kl.  
17:00.

**Eyrbakkakirkja**  
Fermingarmessa sunnudaginn  
8. maí kl. 11:00.

**Þorláksskirkja**  
Sunnudagurinn 8. maí.  
Fermingarmessa kl. 13:30. Sr.  
Sigríður Munda Jónsdóttir þjón-  
ar og Kór Þorláksskirkju leiðir  
safnaðarsöng undir stjórn  
Esterar Ólafsdóttur, organista.

**Skálholtsdómkirkja**  
Messa í Skálholtsdómkirkju  
kl. 11.00 sunnudaginn 8. maí.

**Aðventistar**  
Safnaðarheimili aðventista,  
Eyurvegi 67, Selfossi, 7. maí.  
Biblíulexíur kl. 11 og guðþjón-  
usta kl. 12 í umsjón skólakórs  
Suðurlandskóla.

## BÍLAR



Gagnheiði 11  
800 Selfossi  
Sími 482 2200  
GSM 894 2277  
Fax 482 2777

**Yfirbyggingar - Réttingar**

**Bílamálun - Rúðuskipti**



Bifreiðaverkstæði  
Sími 482 4012, Hrísmýri 3, Selfossi

Þjónustuskóðanir Heklu-bifreiða og  
almennar bílavöðgerðir.

Hjólástillingar  
Dekkja- og smurþjónusta  
Sími 482 4069

## ATVINNA

**Starf í sveit**  
Óskum eftir að ráða ungling (13-  
17 ára) í sveit á Suðurlandi í  
sumar. Nánari upplýsingar í síma  
848 9406.

**Verkamaður eða smiður**  
Óska eftir laghentum verka-  
manni eða smið í sumarvinnu á  
Selfossi. Nánari upplýsingar í  
síma 864 1275 (Sigfús Kristins.).

## HÚSNÆÐI ÓSKAST

**Íbúð óskast**  
Óska eftir 2-3 herbergja íbúð  
eða álíka á Selfossi eða Hvera-  
gerði. Uppl. í síma 823 4907.

**Stúdíóíbúð óskast**  
**á Selfossi**  
Óska eftir stúdíóíbúð í langtíma-  
leigu á Selfossi. Ég er reyklaus  
með fasta vinnu og engin gælu-  
dyr. Nánari uppl. í síma 841  
7417.

## Það er eitt að geta látið sig reka en annað að stýra í þá átt sem stefnt er að

**Anna Greta  
Ólafsdóttir**

1. sæti þ-listans í  
Bláskógabyggð



Passar sú vinna inn í einhverja  
heildarmynd um hvernig við  
sjáum okkur sem samfélag í  
framtíðinni?

Stefna og áætlun um íbúa-  
þróun: Ætlum við að vera  
stækkandi samfélag og ef svo er  
hversu mikið, hversu hratt og  
hvernig?

Skólafestna: Hvert stefnum  
við í skólamálu? Ef við hefð-  
um haft skýrari sýn í skólamálu-  
um hefði ef til vill verið hægt að  
koma í veg fyrir að sameina og  
slíta skólunum?

Samfélagsstefna: Ætlum við  
að vera fjölskylduvænt samfélag  
og ætlum við að vera til fyrir-  
myndar í málefnum aldraðra og  
þegar það kemur að fjölmenn-  
ingu? Vera til fyrirmyndar og  
vera leiðandi í umhverfismál-  
um? Hvernig viljum við að aðrir  
og við sjálf upplifum þorpin  
okkar, skiptir ásynd og snyrti-  
mennska okkur máli?

### Mótum saman sterka sameiginlega sýn

Ef fiskurinn færir sig til þá þarf  
að stýma á hin nýju mið og  
leggja veiðarfærin þar. Á fiski-  
skípi er nefninlega sýnin skýr.  
Fiskurinn er það sem verið er að  
elta og þá þarf í sameiningu að  
finna bestu leiðirnar til þess að  
ná til hans.

Því þegar við höfum skýra  
mynd af því hverskonar sam-  
félag við viljum vera er auðveld-  
ara að ná þangað. Stefnum verða  
til bæði í óformlegu og formlegu  
samfelli. Heimastjórnir eða svo-  
kölluð hverfisráð sem ná til að  
mynda yfir ákveðin svæði væri  
ein góð leið til aukins samtals og  
stefnumótunar. Virkar nefndir á  
vegum sveitarfélagsins er önnur  
leið. Þess til viðbótar er mikil-  
vægt að setja stefnumörkun ein-  
faldlega á dagskrá með aðkomu  
sem flestra.

## VÖFFLUKAFFI

Vöfflukaffi laugardaginn  
7. maí milli kl. 11:00 og 12:00 á  
kosningaskrifstofu Framsóknar  
Eyurvegi 5, Selfossi.  
**Sigurður Ingi Jóhannsson** mætir  
og fær sér vöflu með gestum.



**S. 482 1944**  
**dfs@dfs.is**



Gjaldfrjáls leikskóli í desember



Fái D-listinn stunging til áframhaldandi starfa í Hveragerði munu foreldrar leikskólabarna ekki lengur þurfa að greiða fyrir þjónustu leikskólanna í desember. Er þetta hugsað sem fyrsta skrefið í átt að enn betra umhverfi barnafjölskyldna í bæjarfélaginu. Nú þegar er fyrirkomulagið þannig að skólahópur, elsti hópur leikskólastígs, fær gjaldfrjálsa fjóra tíma á dag. Fjöldi barna nýtur síðan afsláttar, annað hvort systkina, námsmanna eða sem einstætt foreldri.

Rétt er að það komi fram hér að leikskólagjöld í Hveragerði eru með svipuðum hætti og í flestum nágrannasveitarfélögum okkar eins og hægt er að kynna sér á heimasíðum sveitarfélaganna. Með gjaldfrjálsum leikskóla og afslætti af gjaldi elstu barnanna er enn komið til móts við þarfir barnafjölskyldna í bæjarfélaginu.

Að sjálfsögðu fögnum við frambjóðendur D-listans tillögu forsætisráðherra landsins um að leikskólaganga barna í landinu verði gjaldfrjáls. Til þess að það verði að veruleika þá þarf ríkisstjórnin að bregðast við með fjárframlagi til sveitarfélaganna. Eg leyfi mér að fullyrða að ekkert landsbyggðar sveitarfélag getur staðið undir rekstri gjaldfrjáls leikskóla án framlagsins. Það er einmitt þess vegna sem við tökum ábyrga ákvörðun um að veita barnafjölskyldum gjaldfrjálsan leikskóla í desember-

mánuði og munum síðan áfram berjast fyrir því að ríkið mæti þeim kostnaði sem felst í hugmyndum um gjaldfrjálsan leikskóla.

**Fullnýtum pláss leikskólanna**

Inntaka barna í leikskóla fer að jafnaði fram að hausti, síðsumars. Við síðustu inntöku óskuðu stjórnendur og starfsmenn leikskólanna eftir því að hafa hreinar aldursskiptar deildir. Við því var brugðist á jákvæðan hátt. Þetta fyrirkomulag hafði hins vegar þær afleiðingar að ekki eru öll pláss fullnýt og álag á milli deilda er mismunandi. Það er því ljóst að við verðum að hverfa aftur í fyrra fyrirkomulag þar sem pláss leikskólanna eru ávallt fullnýt enda því miður ekki hægt að búa við það að pláss séu laus á eldri deildum en yngstu börnin á biðlista. Sú ákvörðun er tekin með hagsmunum barnsins að leiðarljósi.

**Elsta barn á biðlista eins árs í desember 2021**

Núna er ekkert barn á biðlistanum, sem er flutt í Hveragerði og varð eins árs fyrir 1. desember 2021 og verður það að teljast harla gott miðað við ástand leikskólamála sem víða í kringum okkur er staðreynd. Með því að hraða eins og kostur er byggingu nýs leikskóla og með bráðabirgðalausn þar til hann opnar getum við boðið þeim börnum sem hér búa og hingað flytja á næstu misserum leikskólapláss. Við hjá D-listanum höfum ávallt lagt ríka áherslu á að bjóða sem allra bestu þjónustu, barnafjölskyldum og öðrum. Því munum við halda áfram fáum við til þess stuðning ykkar. Vinnum áfram saman.

Framtíðin er mætt!

Tæknifræðinám fyrir landsbyggðina í boði Háskóla Íslands. Kynningarfundur 12. maí kl. 16:00 í Fjölheimum, Selfossi.

Á ársþingi SASS sem haldið var á Hellu 28. - 29. október 2021 var mikið rætt um menntun og þá staðreynd að hlutfall háskólamenntaðra á Suðurlandi er talsvert undir landsmeðaltali sem gefur vísbendingar um lýðfræðilega veikleika sem mikilvægt er að bregðast við. Jafnframt var lögð rík áhersla á að jöfnuð verði tækifæri til náms, óháð búsetu og að varðveita þann árangur sem náðist við nútímavæðingu kennsluhátta á tímum heimsfaraldurs kórónaveirunnar.

Ljóst er að framboð af námi á háskólastigi sem kennt er í fjarnámi er afar breytilegt milli skóla. Þannig hefur einungis lítill hluti náms innan Háskóla Íslands, stærsta háskóla landsins verið í boði í fjarnámi. Staðreyndin er sú að skólinn hefur verið eftirbátur annarra en ætti sannarlega að vera í fararbroddi. Þátttakendur ársþingsins voru sammála því að þörf væri á hug-



arfarsbreytingu innan HÍ enda er raunin sú að flest nám er hægt að kenna í fjarnámi með þeim tæknilausnum sem í boði eru.

**Ög Háskóli Íslands hlustaði**

Nú hefur skólinn sett sér stefnu um þróun fjarnáms og hyggst leggja vinnu í að verða raunverulega háskóli landsins alls. Þessu fögnum við hjá Háskólafélagi Suðurlands því eitt af okkar helstu baráttumálum hefur verið að efla nám í heimabyggð og tryggja nemendum aðgengi að fjölbreyttu námsframboði auk góðrar aðstöðu til náms, svæðinu öllu til uppbyggingar og grósku.

**Framtíðartækni – tækni fyrir framtíðina**

Suðurland hefur löngum verið þekkt fyrir vel menntað iðn-,

Auglýsing um sveitarstjórnarkosningar í Hrunamannahreppi laugardaginn 14. maí 2022



Tveir listar eru í kjöri:

| D-listi Sjálfstæðis-<br>manna og óháðra                                           | L – Listinn                                                                |
|-----------------------------------------------------------------------------------|----------------------------------------------------------------------------|
| 1. Bjarney Vignisdóttir<br>hjúkrunarfræðingur<br>sveitarstjórnarm.<br>Auðsholti 2 | 1. Daði Geir Samúelsson<br>verkfræðingur<br>Bryðjuholti                    |
| 2. Herbert Hauksson<br>framkvæmdastjóri<br>Unnarholtskoti 2                       | 2. Alexandra Rós<br>Jóhannesdóttir<br>nemi í viðskiptafræði<br>Kotlaugum 1 |
| 3. Jón Bjarnason<br>bóndi/sveitarstjórnamaður<br>Skipholti 3                      | 3. Halldóra Hjörleifsdóttir<br>oddviti<br>Ásastíg 9                        |
| 4. Ragnhildur S Eypórsdóttir<br>sjúkraflutningamaður<br>Ásastíg 7                 | 4. Kristinn Þór Styrmisson<br>háskólanemi<br>Ásastíg 6b                    |
| 5. Sigfríð Lárusdóttir<br>sjúkraþjálfari<br>Hvítárdal                             | 5. Brynja Sólveig Pálsdóttir<br>nemi í leikskólafræði<br>Núpstúni          |
| 6. Elvar Harðarson<br>vélamaður/verktaki<br>Ásastíg 12a                           | 6. Arna Þöll Sigmundsdóttir<br>ferðaþjónustubóndi<br>Syðra-Langholti 3     |
| 7. Nina Faryna<br>kokkur/leikskóli<br>Ásastíg 12b                                 | 7. Þórmundur S Hilmarsson<br>nemi<br>Syðra-Langholti 1                     |
| 8. Bjarni Arnar Hjaltason<br>vörubílstjóri/verktaki<br>Borgarási 2                | 8. Kolbrún Haraldsdóttir<br>þroskaþjálfari/sérkennari<br>Norðurhófi 5      |
| 9. Ásta Rún Jónsdóttir<br>grunnskólakennari<br>Vesturbrún 5                       | 9. Ragnheiður Björg<br>Magnúsdóttir<br>deildarstjóri<br>Miðhófi 4a         |
| 10. Þröstur Jónsson<br>garðyrkjubóndi<br>Högnastíg 8                              | 10. Stefán O Arngrímsson<br>fyrirverandi húsvörður<br>Ásastíg 1            |

Kjörskrá liggur frammi til skoðunar á skrifstofu Hrunamannahrepps á opnunartíma fram að kjördegi.

**Kosið verður í Félagsheimili Hrunamanna að Flúðum.**

**Kjörfundur hefst kl. 9:00 og lýkur kl. 21:00.**

Kjósendur hafi meðferðis persónuskilríki með mynd.

Talning atkvæða fer fram á sama stað að loknum kjörfundi.

**Kjörstjórn Hrunamannahrepps**

Helgi Jóhannesson, Esther Guðjónsdóttir og Magnús Víðir Guðmundsson

verk- og tæknifólk með Fjölbrotaskóla Suðurlands í farabroddi þeirra sem veita slíkt nám. Og því lá beint við að leita til Tæknifræðisets Háskóla Íslands um samstarf sem lið í þessari stefnu HÍ um aukið fjarnám. Hefur Tæknifræðisetrið gert samning við Háskólafélag Suðurland um að bjóða þeim nemendum sem hug hafa á að hefja háskólanám í tæknifræði, að taka námið í fjarnámi frá námssetri félagsins í Fjölheimum og/eða öðrum fjarnámssetrum á Suðurlandi. Mikil áhersla er þó lögð á að ná saman hópi nemenda svo hægt verði að vinna með félagslega hluta námsins, sem er einn veigamesti þátturinn í því að nemendur endist í námi. Að hafa stuðning hvort af öðru í ölgusjó háskólanáms er dýrmætt og enn mikilvægara þegar um fjarnám er að ræða.

Fimmtudaginn 12. maí kl. 16 mun Karl Sölvi Guðmundsson forstöðumaður Tæknifræðisets HÍ kynna fyrirkomulag fjarnáms í tæknifræði í húsnæði Háskólafélagsins í Fjölheimum og hvetjum við alla áhugasama, bæði nýustskrifaða iðnaðarmenn og aðra með reynslu, að koma og kynna sér námið, aðstöðuna og aðstoðina sem Háskólafélagið býður uppá. Ef spurningar vakna er velkomið að senda þær á hfsu@hfsu.is.



Garðyrkuskólinn á Reykjum. Mynd: Mennta- og barnamálaráðuneytið.

## Samkomulag um garðyrkjunám og jarðeignir á Reykjum í Ölfusi

Í samkomulagi sem mennta- og barnamálaráðherra og háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra kynntu í ríkisstjórn nýlega er rekstur starfsmenntanáms í garðyrkju og skyldum greinum tryggður. Þar með getur Fjölbautaskóli Suðurlands boðið öllu starfsfólki Landbúnaðarháskóla Íslands sem hefur sinnt kennslu og tengdum störfum á Reykjum ráðningu frá 1. ágúst 2022.

Ráðuneytin tvö ásamt fjármála- og efnahagsráðuneytinu hafa einnig ákveðið að umsýsla Reykjatorfunnar og mannvirkja fyrrum Garðyrkuskólans á Reykjum í Ölfusi flytjist frá Landbúnaðarháskóla Íslands til

Framkvæmdasýslunnar – Ríkiseigna við upphaf haustannar 2022. Það er forsenda þess að hægt sé að nýta svæðið á nýjum vettvangi undir námið.

Skipaður verður starfshópur undir forystu mennta- og barnamálaráðuneytisins um framtíðarfyrirkomulag og nýtingu á Reykjum og eflingu starfsnáms, rannsókna og nýsköpunarstarfs. Í þeirri vinnu verður jafnframt skoðað hvernig tryggja megi tengingu námsins við atvinnulífið og ákveðið sjálfstæði gagnvart Fjölbautaskólanum. Fyrirhuguð uppbygging á Reykjum mun efla starfsnámið og skapa brú inn á nám á háskólastigi. Óskað verður eftir fulltrúum frá

Landbúnaðarháskóla Íslands, Fjölbautaskóla Suðurlands, Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga og Bændasamtökum Íslands auk fulltrúa frá báðum ráðuneytum. Gert er ráð fyrir að tillögur starfshópsins liggi fyrir í desember 2022.

Innritun í starfsnám í garðyrkju og skyldum greinum endurspeglar mikinn áhuga á náminu og hafa 108 þegar innritað sig. Það er mikið ánægjuefni þar sem garðyrkjunám þjónar stóru hlutverki í framtíð Íslands og baráttunni við loftslagsbreytingar. Jafnvægi í sambyli fólks og náttúru, sjálfbær matvælaframleiðsla samhliða aukinni tæknivæðingu er þar leiðarstef.

**FROST**  
KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI  
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA  
HÁHEIÐI 9, SELFOSSI - Sími 464 9400 - WWW.FROST.IS

**expert kæling**  
Sími 660 2970  
Uppsetn. og viðhald á kæli- og frystikerfum  
Ísskápviðgerðir - Almennar raflagnir

**DAGSKRÁIN**  
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS  
auglysingar@dfs.is  
Sími 482 1944

**D-H BÓKHALD**  
✓ Bókhaldsþjónusta  
✓ Skattskil  
✓ Stofnun fyrirtækja  
✓ Framtöl og ársreikningar  
✓ Fyrirtækjaráðgjöf  
Dagbjört Hannesdóttir  
MACC í viðskiptafræði  
dhbokhald@gmail.com  
s. 6933708

**Jiibbiíi**  
**Siggafærdiz**  
- Flutningaþjónusta -  
Selfoss - Reykjavík f.h. og e.h.  
Reykjavík - Selfoss f.h. og e.h.  
Reykjavík - Selfoss  
Hella - Hvolsvöllur  
Sími 772 6010

**BRAC AF VINÁTTU!**  
**Fæst hjá BYKO Selfossi**

**Hjólbarðapjónusta Magnúsar**  
Gagnheiði 25 - Sími 482 2151  
**HM**  
**Hjólbarðar**  
Betri vörur - betra verð

**Rétting og málun**  
Vottað rétttingaverkstæði  
Cabas tjónaskoðun  
Breiðumýri 1, Selfossi  
Sími 480 8020

**Bílasprautun - Bílaréttingar - Bílrúðuskipti**  
**Bilverk BA**  
Þar sem fagmennirnir vinna  
★★★★★ Vottað verkstæði  
Gagnheiði 3 - Selfossi  
Sími 482 2224 / 899 5424 - bilverkba.is

Hannaðu það sjálfur!  
**honnun.prentmetoddi.is**  
Inni á hönnunarvefnum okkar getur þú t.d. útbúið **kort, dagatöl** og **myndabækur**  
SENDUM HVERT Á LAND SEM ER  
**prentmetoddi**  
heildarlausnir í prentun

**ÖKULAND**  
Meirapróf  
Endurmenntun  
Akstursþjálfun  
okuland.is

**VÉLSMÍÐJA SUÐURLANDS ehf**  
Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980  
**Efnissala Rennismiði Innréttingar Járnsmiði**  
Gagnheiði 5, Selfossi  
Sími 482 1980

**Lagnaþjónustan ehf**  
Pípulagnir - Efnissala  
482 2311 696 2311  
Skrifstofa Þjónustusími

**FYLGDI**  
Útfaraþjónusta  
Gísli G. Guðmundsson Svanhildur Eiríksdóttir Elfar F. Sigurjónsson  
Vistvænar íslenskar kistur, krossar og legsteinar  
Sími 482 4300 • www.fylgd.is • fylgd@fylgd.is

**HEYRN**  
HEYRNARÞJÓNUSTA  
534 9600  
www.heyirn.is

**NÝTT**  
**Vinnuvélanámskeið á netinu!**  
www.vinnuvelaskolinn.is